

Á 25 MILLJÓNA KRÓNA
BENTLEY EINN ALLRA
FLOTTASTI BÍLL Í HEIMI



BIKINÍBOMBAN RAKEL ÝR
Á FÖSTU MEÐ MAGGA
PRAVDA-KÓNGI



hér & nú

Fimmtudagur 4. maí 2006 - 17. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

NYLON-STELPURNAR
AFTUR Í TÓNLEIKAFERÐ



NÚ ER ÞAÐ
STÆRSTA
STÚLKNASVEIT
BRETLANDS



FYRIRSAETAN HAFDÍS BJÖRG
VAR LÖGÐ Í EINELTI ALLA
SÍNA SKÓLAGÖNGU



ÉG VAR ALLTAF

- Óvart ólétt sautján ára
- Fæðingarpunglyndi
- Prófaði maríjúana
- Reyndi sjálfsvíg

KÖLLUÐ ROTTAN

DORRIT Í AFMÆLI
SVÍAKONUNGS



SÆTASTA
STELPAN
Á BALLINU



ÞULAN ELLÝ
NÝTRÚLOFUÐ
Í NÝRRI ÍBÚÐ

MARTA MARÍA

ALSÆL OG ÓLÉTT

Á RITSTJÓRASTÓLI



ISSN 1670-598X



9 771670 598005



L' O R

Fyllir upp og dregur úr hrukkum,
hvern dag.

COLLAGEN FILLER WRINKLE DE-CREASE

NÝTT ÖFLUGT HRUKKUVARNARKREM.



Fylling í hrukkurnar frá yfirborði húðarinnar

- Fyllir strax upp í hrukkurnar.
- Myndar ljósbrotsáhrif þannig að hrukkurnar virðast grynri.
- Sílikonkennt tvívirkni krem sem fyllir upp í hrukkurnar frá yfirborðinu.



Hrukkurnar sléttast

- Lífræn upptaka kollagens í húðinni margfaldar umfang þess allt að 9 sinnum þegar það blandast raka húðarinnar.
- Hrukkurnar sléttast.*

SÖNNUÐ ÁHRIF:

Sýnilegar hrukkur: **- 20 %** eftir fyrstu notkun**

Færri djúpar hrukkur: **65 %** staðfesta fyllingar-áhrif***

Fáið fleiri ábendingar og góð ráð á www.lorealparis.dk

DERMO-EXPERTISE.
FRÁ ÞEKKINGU TIL FEGURÐAR.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIB.

MARKVISS HRUKKUVÖRN FRÁ 35 ÁRA ALDRI.



* Prófað í smásjártaexjum.
** Prófað á rannsóknarstofu á 39 konum.
*** Prófað á 107 konum.



EAU FRAÎCHE
VERSACE
MAN

hér & nú



25

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Garðar Cortes og Katherine Jenkins: Saman í tónleikaferðalag.

8 Elly Ármanns og Freyr Einarsson: Ástin blómstrar.

10-11 Gumball: Jón Ásgeir á glæsikeru.

12-13 Nylon-skvísurnar: Troða upp með fleiri stórstjörnum.

14-17 Innlendir molar: Fréttir af íslensku fólki og því sem það hefur fyrir stafni.

18-19 Erlendar fréttir: Heitasta slúðrið frá Hollywood.

20 Marta smarta: Á von á sér.

22-23 Hvað er að fréttá? Guðmundur Steingrims.

LÍFSSTÍLL

25 Dimmisjón: Hressir menntaskólanemar sletta úr klaufunum.

26-27 Helgin með Hér & nú.

28-29 Bjargráð Berglindar.

30-31 Bransasagan: Gunni Óla og Skítamóralssögur.

32-33 Fataskápurinn: Mía, verslunarstjóri Shoe Studio.

34-35 Jet Ski: Flottar skvísur skemmtu sér konunglega.

36-37 Ólafur Ragnar og Dorrit í afmæli Svíakonungs.

38 Idolkeppni Og Vodafone.

40-41 Hvernig reynirðu við fræga fólkið?

ALVÖRU FÓLK

43 Geir Ólafs og Valdi koppasali: Geir stóð við loforðið og gaf Valda sæng.

44-45 Ásdís Lilja Ragnarsdóttir á flottasta garðinn á landinu.

46-47 Sakamálasagan: „Ég hef víst drepið mann í nótt.“

48-49 Sirrý segir: Sumarið er komið – munum eftir vorverkunum.

52-56 Hafdís Björg Kristjánsdóttir: Lenti í einelti og þjáðist af fæðingarpunglyndi.

58-59 Píluparið Ásta og Eggert: Kasta betur edrú.

60-61 Ástarsagan: Hér & nú rifjar upp bestu ástarsögurnar.

62 10 hlutir sem þú vissir ekki um Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.

64 Spurðu vin þinn: Skemmtilegasta spurningakeppni í heimi.

65 Skopmyndin.

68 Hér & nú stúlkan. Sandra Ósk Kristbjarnardóttir, 18 ára.



40-41



43



36-37



12-13

Efnalaugin Björg

Gæðahreinsun

Góð þjónusta

Þekking

Þjónusta

Opið: mán-fim 8:00 - 18:00


föst 8:00 - 19:00

laugardaga 10:00 - 13:00

EFNALAUGIN
BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

Garðar Thór Cortes og Katherine Jenkins

Garðar Thór Cortes og Katherine Jenkins héldu magnaða tónleika í Laugardalshöll um síðustu helgi. Fluttu þau hverja perluna á fætur annarri og í lok tónleikanna stóð salurinn upp og hylti þau margsinnis. Pakkað var á tónleikunum og greinilegt að Garðar er ein skærasta stjarnan hér á landi. Katherine Jenkins er ekki síður stórt nafn í tónlistarheiminum þó hún sé ung að aldri en hún er söluhæsta klassíska söngkona Bretlands um þessar mundir. Nú hefur söngkonan boðið Garðari með sér á tónleikaferð um Bretland í haust. Þegar er uppselt á alla tónleika þeirra í Wales sem er hennar heimaland. Hér & nú leit inn á æfingu hjá söngfuglunum í síðustu viku þar sem raddböndin voru gerð klár fyrir tónleikana og leit einnig við á tónleikana sjálfa.



Saman á sviðinu
Garðar og Katherine voru margt hylt í lok tónleikanna.

Flottir söngvarar
Garðar Thór Cortes og Katherine Jenkins slappa af á æfingu í Laugardalshöll.

FLOTTIR SÖNG



**Saman á
tónleikaferð!**



Stórglæsileg
Katherine Jenkins er söluhæsta klassíska söngkona Bretlands.



Kominn í finu fötin
Garðar kominn í jakka-fötin á tónleikunum í Laugardalshöll.

SVARAR

Ástin blómstrar hjá Ellý Ármannsdóttur
pulu og Frey Einarssyni blaðamanni

FLUTT INN SAMAN OG TRÚLOFUÐ

Ellý Ármanns
Trúlofuð og
hamingjusöm.

Ellý Ármannsdóttir, sjónvarps-
pula og eigandi spamadur.is,
og Frey Einarsson blaðamað-
ur hafa tekið saman á ný og
virðist ástin blómstra sem aldrei fyrr.

Ellý og Frey hafa nú trúlofað sig
og fest kaup á íbúð í Hlíðunum. Þaríð
kynntist þegar Frey, sem þá starfaði
sem blaðamaður á Helgarblaði DV,
tók viðtal við Ellý. Fljótlega eftir viðtalið
fældu þau hugi saman og hafa verið
meira og minna óaðskiljanleg síðan.
Nú hafa þau trúlofað sig og fest kaup á
fallegru íbúð í Hlíðunum, en þar búa þau
ásamt tveimur sonum Ellýjar.

Ellý er nýhætt sem blaðamaður á
DV en rekur ennþá hinn sívinsæla vef
spamadur.is auk þess sem hún kyn-
nir heitustu þættina í ríkissjónvarpinu.
Saman hafa þau tvö aldrei litið betur
út og biða spennit þeirra nýju tækifæra
sem biða þeirra í framtíðinni.

Frey Einarsson

Kynntist Ellý er hann
tók viðtal við hana. Þau
keyptu sér nýlega íbúð
saman í Hlíðunum.

**Hamingja í
Hlíðunum!**

Verður þú tilbúinn eftir sumarið?

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

"...held ég sé á góðri leið með að ná inntöku-prófinu í læknadeild í vor. Takk fyrir mig"
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

"...Núna er mér fyrst að takast að sjá fram á að klára lesefni vikunnar sem ég taldi áður ómögulegt."
Elva Dögg, 20 ára Hjúkrunarnemi.

"...Þetta námskeið var vonum framfar og ætti að vera skylda fyrir alla! Námskeiðið eykur lestrarhæfni á öllum sviðum..."
Haraldur Haraldsson, 18 ára nemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Nýttu sumarið til góðra verka og náðu árangri hjá okkur

Sumarnámskeið Hraðlestrar skólans

- 3. vikna hraðnámskeið **17. maí** – Akureyri
- 3. vikna hraðnámskeið **13. júní** – Reykjavík
- 3. vikna hraðnámskeið **26. júní** – Akureyri
- 6. vikna námskeið **1. ágúst** - Reykjavík

Allar upplýsingar á www.h.is

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Töffarinn Jón Ásgeir Jóhannesson í Gumball 300

KEYRIR UM ÞRJÁR HEIMIN 25 MILLJÓN KRÓNA BENTLEY

Lang-
flottastur!



Lúxusbíll Jón Ásgeir og Guðmundur Ingi ættu ekki að finna fyrir neinum óþægindum á Bentley-inum.

Gumball
3000!



Bentley Continental GT Flying Spur
Glænýr og gullfallegur bíll en andvirði hans er rúmar 25 milljónir króna.

Jón Ásgeir Jóhannesson Keyrir um heiminn á átta dögum á glænýjum Bentley.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

10-keppninni á Bentley Continental GT Flying Spur

MSÁLFUR Á GLÆNÝJUM

BENTLEY

Glæsikerra Jón Ásgeir tekur þátt í Gumball 3000-keppninni og keyrir um á bíl eins og Paris Hilton og P. Diddy eiga.



Viðskiptajöfurinn Jón Ásgeir Jóhannesson og vinur hans Guðmundur Ingi Hjartarson, framkvæmdastjóri Netheima, eru haldnir mikilli ævintýraþrá og taka þessa dagana þátt í Gumball 3000, kappakstri fina og fræga fólksins.

Keppnin hófst á sunnudaginn í Lundúnaborg og þegar síðast fréttist af köppunum voru þeir staddir í Belgrad í Serbíu. Ferðin tekur átta daga og er keyrt um þrjár heimsálfur. Hún endar svo við Playboy-setur Hughs Hefner í Los Angeles með miklum veisluhöldum.

Jón Ásgeir og Guðmundur Ingi eru á Bentley Continental GT Flying Spur, tveggja dyra, sem kemst upp í 309 kílómetra hraða og kostar bíllinn tæpar 25 milljónir íslenskra króna. Þess má geta að

þetta er dýrasta típa af Bentley sem til er og er Jón Ásgeir þar með kominn í hóp rappara og stórstjarna en bæði rapparinn P. Diddy og Hilton-erfinginn Paris eiga slíka bíla.

Það eru fleiri Íslendingar sem taka þátt að þessu sinni. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, ekur 2004 árgerð af Porsche Cayenne Gemballa-jeppa, Ragnar Agnarsson leikstjóri er á BMW og Kevin Stanford, Magnús Ármann og Neil Cooke eru á Ferrari. Kevin Stanford er eins og flestir vita stofnandi Karen Millen-tískuverslanakeðjunnar.

Gumball 3000 er orðin ein vinsælasta kappaksturskeppnin meðal ríka og fræga fólksins og hafa ekki óþekktari menn en Jay Leno, Adrien Brody, Snoop Dogg og leikkonan Dar-yl Hannah tekið þátt.

Eknir eru tæplega 5000 kílómetrar og gist á bestu hótélum sem hver borg hefur upp á að bjóða. Þátttökugjald er 4,5 milljónir íslenskra króna þannig að það er á hreinu að ekki getur hver sem er tekið þátt. Jón Ásgeir ætlaði sér að taka þátt í fyrra en þurfti að hætta við og í stað hans fóru frændur hans tveir, þeir Vilhjálmur og Jón Þór Einarsson.

maðurinn virðist svo heillaður af keppninni að Baugur hefur keypt sig inn í fyrirtækið Gumball 3000 sem stofnað var af fatahönnuðinum Maximillion Cooper árið 1999. Keppnin hófst þannig að hann bauð 50 vinum sínum að keyra um heim allan á átta dögum og skemmta sér á kvöldin. Fyrirtækið Gumball hannar einnig fatnað í anda keppinnar sem Baugur mun núna koma til með að taka þátt í. Selt verður undir merkinu Gumball og eftir hugmyndum Maximillions í framtíðinni. Margir líkja hönnun Mamilions við hönnun Marcs Jacobs og Alexanders McQueen.

Engin verðlaun eru í boði fyrir þann keppanda sem fyrstur kemur í mark, en allir aðrir frá bronsstytur af bringu Burts Reynolds úr myndinni Cannonball Run. Ekki amalegt að eiga eina slíka fyrir ofan arininn á Sóleyjargötu.



Eiga líka Bentley
Rapparinn P. Diddy og ofurskutlan Paris Hilton eiga bæði Bentley eins og Jón Ásgeir er á.

Hannes Smárason
Keyrir Porsche-jeppa í Gumball 3000-keppninni.

Stelpurnar í Nylon heilla Bretann upp úr skónum



Spila fyrir
300.000
manns!

Í TÓNLEIKAFERÐ MEÐ VINSÆLUS

Nylon-flokkurinn, sem nú er á fullri ferð í Bretlandi að kynna sig og nýja lagið sitt *Losing a Friend*, heldur áfram að vinna sigra þar ytra. Nú þegar tónleikaferðin með strákabandinu Westlife er hálfnuð hefur stúlkunum verið boðið að fara í tónleikaferð með stúlknasveitinni Girls Aloud um Bretland. Sú tónleikaferð hefst þann 22. maí næstkomandi, eða þremur dögum eftir að Westlife-ferðinni lýkur, þannig að stúlkurnar fá stutt en þó langþráð þriggja daga frí. Girls Aloud ásamt Sugababes er hún efa vinsælasta stúlknasöngsveit Breta um þessar mundir.

Stærstu tónleikahallir Bretlands

Tónleikaferðin með Westlife gengur frábærlega en um

siðustu helgi voru stúlkurnar í Birmingham og Newcastle. Þaðan liggur leiðin til Skotlands og um næstu helgi verða stelpurnar í Glasgow. Tónleikaferðin sem er framundan með Girls Aloud er um það bil helmingi styttri og munu þær koma við í flestum þeim tónleikahöllum sem stúlkurnar þræða núna með Westlife. Það má því segja að Nylon-stúlkurnar séu að verða heimavanar í mörgum af stærstu tónleikahöllum Bretlands.

Í breska sjónvarpinu

Tónleikarnir með Westlife og Girls Aloud gefa stúlkunum ótrúlega öflugt tækifæri til að koma laginu sínu nýja á framfæri en þegar báðar tónleikaferðirnar verða búnar munu stúlkurnar hafa komið fram fyrir

rúmlega 300.000 manns. Girls Aloud-ferðinni lýkur 3. júní en þá munu stúlkurnar einblína á breska fjölmiðla og er búið að bóka stúlkurnar í marga af helstu útvarps- og sjónvarpsþætti Bretlands. Smáskífan með *Losing a Friend* kemur svo út 19. júní.

Nylon Hér eru stelpurnar á Brit Awards. Þær munu túra með Girls Aloud.

Tónleikaferð Nylon og Girls Aloud

- 22/05/2006 Nottingham Arena – Nottingham
- 23/05/2006 Hallam FM Arena – Sheffield
- 24/05/2006 Metro Radio Arena – Newcastle
- 26/05/2006 Nia Birmingham
- 27/05/2006 M.E.N. Arena – Manchester
- 28/05/2006 SECC – Glasgow
- 30/05/2006 Cardiff International Arena – Cardiff
- 31/05/2006 Bournemouth International Centre – Bournemouth
- 01/06/2006 The Brighton Centre – Brighton
- 03/06/2006 Wembley Arena – London



Girls Aloud Er ein vinsælasta stúlknasveit Bretlands.

STU STÚLKNASVEIT BRETLANDS

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

„Það má því segja að Nylon-stúlkurnar séu að verða heimavanar í mörgum af stærstu tónleikahöllum Bretlands.“



Westlife Nylon hefur túrað með strákunum undanfarið og gengið vel.

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.
Ritstjórn Berglind Halla Elfudóttir, berglind@hognu.is, Jón Myrdal, myrdal@hognu.is, Hér & nú Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075.
Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.
Prentvinnsla Ísafoldarprentsmíða. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Það eru bara ekkert allir eins

Ég var alltaf kölluð rottan, segir fyrrsætan Hafdís Björg Kristjánsdóttir í einlægum viðtali við Hér & nú í dag. Saga Hafdísar er sorgleg og minnir okkur enn og aftur á hversu alvarlegar afleiðingar einelti getur haft. Í Grunnskólanum á Blönduósi var henni strítt af eldri strákum sem sögðu hana vera með of stórt nef. Í Menntaskólanum á Laugarvatni urðu stelpurnar síðan öfundsjúkar og þjósnuðust á Hafdís fyrir að vera falleg, en þá var hún að gera það gott í fyrrsætubransanum. Einelti er nefnilega eitthvað það hræðilegasta sem lagt er á fólk. Það hefur alltaf verið þannig að ef einhver er ekki alveg eftir bókinni, þá verður hann undir. En sumir virðast bara ekki skilja að það eru ekki allir eins. Og einelti er ekki bara ríkjandi hjá börnum og unglingum, ég hef heyrt fullorðin fólk tala um einelti á vinnustað. Sem er óskiljanlegt. En hvað er hægt að gera?

Undanfarin ár hefur umræðan um þessi mál orðið sýnilegri og samtök sem berjast gegn einelti orðið æ háværi. En engu að síður held ég að það sé voðalega lítið hægt að gera. Oft á tíðum er það minnimáttarkennd sem drífur stríðisþúkana áfram. Hvort á ég að vera ljótur eða fallegur?

En um leið og umræðan verður meiri gerir fólk sér kannski betur grein fyrir afleiðingunum. Fólk eins og Hafdís Björg á því hrós skilið fyrir að opna sig og lýsa afleiðingum eineltis. Vanlíðan, þunglyndi og síðar fæðingarþunglyndi er eitthvað sem má rekja til nokkurra stráka á Blönduósi, í tilfalli Hafdísar. Þessir strákar hafa örugglega ekki gert sér grein fyrir hversu mikið þeir særðu Hafdís en hún segist aldrei fyrirgefa þeim og skilur ekki hvernig nokkur getur verið svona illa innrættur. En í dag líður Hafdís vel, hún sækir fundi með ungum mæðrum og hefur komið sér vel fyrir á Akranesi. Sex árum eftir einelti á Blönduósi lítur hún þó enn í spegil og rifjar upp viðurnefnið sem hún fékk frá nokkrum eldri strákum.

En hvað sem því líður, þá er fullt af skemmtilegu efni í blaðinu. Förun inn í sumaríð með bros á vör. Það er nefnilega allt í lagi að vera aðeins öðruvísi í skólanum – og líka á vinnustaðnum.

Breki Logason



Unnur Birna og Sigurður Straumfjörð

FLOTT SAMAN Á DJAMMINU



Já, þau eru svo sannarlega ástfangin. Þau Unnur Birna og Sigurður Straumfjörð eru sjóðandi heitt par þessa dagana og hafa sést töluvert mikið saman úti á lífinu. Eins og sjá má á þessari mynd eru þau Unnur Birna og Sigurður greinilega mjög ástfangin. Myndin er sú fyrsta sem tekin er af þarinu saman. Unnur Birna er á ferð og flugi þessa dagana og var nýverið í Póllandi en þegar hún kemur heim reynir hún alltaf að komast á hestbak enda forfallinn hestamaður.

Stjórnáttölvuleikur SJÁLFSTÆÐIS-PACMAN



Það er alveg greinilegt að sveitarstjórnarkosningar eru nú í vor því ungliðasveitir flokkanna hafa gripið til ýmissa ráða. Nú hafa ungir sjálfstæðismenn í Reykjavík sett upp tölvuleik á heimasíðu sinni, d.is. Tölvuleikurinn er hinn eini sanni Pacman en hafa sjálfstæðismennirnir ungu látið breyta leiknum aðeins svo hann falli að stefnu flokksins. Heitir leikurinn d-man og er d-maðurinn sjálfur gulur á litinn og á að keppast við að borða allt á borðinu og ef hann fær kraftapillu má hann éta draugana sem elta hann. Draugarnir eru merktir hinum flokkunum og keppist d-maðurinn við að éta þá. Það er spurning hvort þessi kosningabrella á eftir að veiða atkvæði fyrir flokkinn í komandi kosningum.

Sýn leitar að fótboltanörðum



STEFÁN PÁLSSON OG HEIÐAR AUSTMANN KOMA STERKIR INN

Sjónvarpsstöðin Sýn ætlar að fara að fordæmi sænsku sjónvarpsstöðvarinar Z-tv sem bjó til sjónvarpsþátt um nördur sem stofnuðu fótballalið. Þátturinn sló í gegn og ætlar Sýn að stofna fótballalið FC Nörd og er þessa dagana að auglýsa eftir 16 strákum sem langar að stofna fótballalið. Það sem er sett sem skilyrði fyrir þátttöku er að vera nördur og hafa áhuga á til dæmis myndasögum, fiðrildum,



frímerkjum, efnafræði, hersögu, hlutverkaleikjum, samkvæmisdönsum, kotru, Eurovision, kóngafólki eða ljóðlist. Það er alveg greinilegt að þarna er alveg komin uppskrift að fyrirlíðanum og hafa verið nefnd nöfn eins og sagnfræðingurinn Stefán Pálsson og útvarpsnörðið Heiðar Austmann en þeir eru báðir miklir áhugamenn um knattspyrnu og eru jú báðir heimlikir nördur.



HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Fréttablaðið hélt upp á fimm ára afmæli sitt á föstudag og var mikið húllumhæ af því til efni. Mættu að sjálf-sögðu flestir helstu blaðamenn blaðsins og skelltu þeir sér margir á Ölstofuna seinna um kvöldið en það ku vera þeirra heimasvæði. Þeirra á meðal voru til dæmis **Freyr Gígja** ásamt kærustu sinni **Júlíu**, ritstjóra Húsa og hilyla og **Jakob Bjarnar** á DV.



Spúútnik opnaði nýja og glæsilega verslun á Laugavegi og þar var margt fagurra fjjóða. **Jón Páll** og **Birta Björns** mættu með soninn **Storm**, fyrir-sætan **Dagbjört** **Yifa**

lét sig ekki vanta og það gerðu heldur ekki Ási, búningahönnuður Silvíu Nóttar, eða plötusnúðarnir **Erna, Ellen** og **Sóley** sem var sæt með krúttlega bumbu.



Barði, oftast kenndur við Bang Gang, spilaði á laugardagskvöldið ásamt erlendum plötusnúði á Prikinu við góðar undirtektir. Þar voru meðal annars Tívinnir **Porsteinn** og **Lúlli** og einnig **Krummi** í Mínus, en **Krummi** og **Barði** voru vist að taka upp lag saman um helgina. Leiklistarneminn **Porvaldur Davíð** lét sjá sig á Prikinu á sunnudagskvöldið en var upptekinn við að senda SMS mestallt kvöldið.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁPU PENING 550 50 70 15.000 kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvaninn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyrja og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyrja.

FRÉTTASKOT hér & nú



BLOGG VIKUNNAR Dr Gunnri

GEKK Á ESJUNA



Urmull fólks í Esjuhlíðum í gær og fyrradag. Við feðgar fórum aðeins af stað, en beygðum fljótlega af Þverfellshornsléiðinni og í gegnum smá skóg sem er þarna. Maður er búinn að vera í óttalegu gangi en þarf að fara að semja eitt stk ódauðlegan barnasöngleik. Manchester Poppunkturinn var þrælfinn, fannst mér, enda spennandi. XFM vann á lokasprettinum

This.is/drgunni



KILDEMOES

G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6
• sími: 577 0400 • www.hvellur.com
• hvellur@hvellur.com

islenst skíður

Jóna Kristín Heimisdóttir
nýkrýnd ungfrú Reykjavík

BYRJUÐ MEÐ TÍSKULJÓSMYNDARA

Þetta er sætur strákur, annars væri ég nú ekki með honum," segir Jóna Kristín Heimisdóttir, nýkrýnd ungfrú Reykjavík, um kærastann sinn, ljósmyndarann Baldur Kristjánsson. Jóna Kristín vakti mikla athygli í Ungfrú Reykjavík enda stórglæsileg Hafnarfjarðarmær og mun áreiðanlega veita hinum stelpunum í Ungfrú Íslandi harða keppni. Jóna Kristín segir stutt síðan þau Baldur byrjuðu að hittast og sambandið því á byrjunarstigi.

Baldur Kristjánsson er einn efnilegasti ljósmyndari landsins og hefur undanfarið unnið náið með sjálfum Ara Magg. Einnig heldur Baldur úti heimasíðunni april.is þar sem hægt er að skoða myndir eftir hann. Baldur og Jóna Kristín eru glæsilegt par.



Sigga Beinteins



ELSKAR JARÐARBER

Silvía Nótt með útgáfupartí

TÖFF UPP ÚR TOPPLÚGUNNI



„Halló strákar...!“

Maggi á Pravda og Rakel Ýr eldheitt par

PRAVDA-KÓNGURINN MEÐ DROTNINGU

Heitt par!

Magnús Benediktsson, betur þekktur sem Maggi á Pravda, er byrjaður með Hawaii Tropic-fyrirsætunni, Rakel Ýri Björnsdóttur. „Þetta er allt að verða til hjá okkur og ég er verulega hamingjusamur,“ segir Magnús sem hefur þekkt Rakel nokkuð lengi.

Rakel hefur vakið mikla athygli undanfarið og fór meðal annars út til Las Vegas að keppa í Hawaiian Tropic. Par var hún valin vídeódama ársins. Rakel er 19 ára en Magnús 33 ára. Magnús er einn af rekstrarstjórum skemmtistaðarins Pravda og segir allt ganga vel í kringum það. „Ég beitti bara persónutöfrunum á hana, þetta þarf ekkert alltaf að vera eitthvað sætt,“ segir Magnús eldhress að lokum.



„...Silvía Nótt hérna...“



„...hvernig filiði rísaneqlurnar mínar...?“



„...allir að lesa ljóðabókina mína...!“

Ashlee Simpson lét laga á sér nefið eftir að hún varð stjarna


BÚIN AÐ FARA Í NOKKRAR LYTAAÐGERÐIR

2004



Ashlee Simpson Litla systir Jessicu Simpson fyrir tveimur árum. Hér er nefið á henni frekar breitt.

2006



Ashlee sæta er greinilega búin að fara í nokkrar nefaðgerðir og er nef hennar mjög mjótt í dag.

Litla systir Jessicu Simpson er algjör skvísa og er loksins að skríða undan skugga systur sinnar. Mörgum finnst Ashlee mun myndarlegri en Jessica en hún hefur eitthvað verið óörugg með nefið á sér. Þegar litid er á þessar

tvær myndir sem teknar eru með tveggja ára millibili er greinilegt að hún hefur farið í nokkrar lýtaaðgerðir á nefinu. Í dag er það mun mjórri og hvassara en fyrir nokkrum árum. Ætli pabbi Simpson hafið samþykkt þessar breytingar?

Nýjasta parið í Hollywood

STRESSAÐ OG STÍFT PAR

Colin Farrell hefur snúið við blaðinu. Vondi strákurinn í Hollywood fór í meðferð og hefur aldrei lítið betur út. Einnig hefur hann fundið ástina í Coyote Ugly-skvísunni Piper Perabo. Þau mættu á dögnum saman á Tribeca-kvikmyndahátíðina og áttu eitthvað erfitt með að vera eðlileg. Ljósmyndarar mynduðu þau í bak og fyrir og er ekki annað hægt að segja en að þau hafi verið dálítið stressuð. Piper er ekki eins vön sviðsljósinu og kærastinn.



Stíft Colin og Piper voru stíf og stressuð er þau voru mynduð í bak og fyrir.



Colin Farrell og Piper Perabo mættu saman á kvikmyndahátíð í New York. Þetta er í fyrsta sinn sem þau opinbera samband sitt.

Bílavandræði blondínu

PARIS HILTON HEIMSKARI EN VIÐ HÖLDUM



Sjáið flotta bílinn minn!

1



Úbbs, ég er í vandræðum hérna.

2

Öfurlöndin Paris Hilton er elt af ljósmyndurum allan liðlangan daginn. Ekki er annað að sjá en hún fíli það að vera í sviðsljósinu. Paris á þennan stórkostlega bíl með „Back to the Future“-bílhurð sem hún lenti í svolitlu basli með. Það þarf ekki að útskýra það nánar. Myndirnar tala sínu máli.



Jæja, þetta hófst hjá mér.

3



Guð minn góður, allir ljósmyndarnir sáu þetta!

4

Heidi Klum er súpermamma MEÐ GÍRAFFA Á RODEO DRIVE

Heidi Klum er sætasta mamman í Hollywood og á dögnum kíkti hún í smávægis verslunarleiðangur fyrir börnin sín. Þar keypti hún meðal annars þennan dásamlega gíraffa sem tók sig afar vel út í sportbílnum.

Heidi er gift söngvaranum Seal og saman eiga þau strák, en Heidi á einnig dóttur með eilífðartöffaranum Flavio Briatore.



F&N-mynd heitö

Skýr smoothie

SKÝR ÓRYKKUR



Ritstjórinn Marta María Jónasdóttir

Ég er komin fjóra mánuði á leið þannig að grísinn á að fæðast í október," segir Marta María Jónasdóttir, alsæl með óléttuna. Marta á von á barni með kærasta sínum til nokkurra ára, Jóhannesi Ingimundarsyni. Marta segist alsæl með lífið en hún er nýráðin ritstjóri við tímaritið Veggfóður. Fyrsta blaðið undir hennar stjórn kemur út þann 31. maí og hlakkar Marta María til að takast á við þetta tvennt í einu. Áður en hún tók við ritstjórástöðunni hafði hún verið blaðamaður á Fréttablaðinu um skeið.

4 mánuðir Marta María er komin fjóra mánuði á leið.

ÓLÉTT OG ALSÆL

Texti: Jón Mýrdal

Tai chi – Kung Fu

Hugræn teygjuleikfimi - Heilsumeðferð

Einkatímar - Hópatímar



Tilboð í grenningarmeðferð – megrunarte – heilsute

www.heilsudrekkir.is

Skólanámi 3j
Sími 553 8282

HVELLUR *í einum grænum*

Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið

DISCOVERY

Demparar
18 gíra Shimano



**MIKIÐ
ÚRVAL
AUKAHLUTA**

**6
LÉTT**

**30%
afsláttur**



Bubbi byggir
kr.



Baby Born
kr. 3.660



Felix
kr. 3.660

Pýskir hágæða reiðhjólahljálmar frá KED

KILDEMOES Classic Retro

7 gíra
Fótbremsa
Bretti
Bögglab
V-bremis
Standari



**3
LÉTT**

**3 & 6
LÉTT LÉTT**
vaxtalausar
léttgreiðslur
í 3 - 6 mánuði

Prihjól með stöng

Stillanlegt sæti
Handbremsa
Stýristöng



Jafnvægishjól - best í byrjun

Stillanlegt sæti og stýri
Standari



BABY born

Stillanlegt stýri



Gummi Steingrims skrifar skáldsögu og er pirraður yfir fréttunum

MAÐUR VERÐUR AÐ DRULLAST TIL AÐ VERA HRESS

Ég er nú bara að skrifa bók, það er skáldsaga númer tvö hjá mér," segir Guðmundur Steingrímsson fyrrverandi sjónvarpsmaður. Guðmundur hefur áður gefið út skáldsöguna Áhrif mín á mannkynssöguna sem vakti þó nokkra athygli. „Vinnuheitið á þessari er Og heimsendir og er innblásið af Og Vodafone, mér finnst flott að hafa svona Og á undan," segir Guðmundur en bókin fjallar um ungan mann á niðurleið. „Meðan þjóðfélagið er á uppleið, þá er þessi maður á niðurleið, syndir svolítið gegn straumnum. Þetta er nú ekki sjálfssævisaga þó ég sé nú ekkert á mikilli uppleið sjálfur."

Ekki sjálfssævisaga

Aðalpersóna bókarinnar heitir Leifur Eiríksson eins og víkingurinn og hann fer til Bandaríkjaanna eins og víkingurinn. „Eigum við ekki að segja að þetta sé ungur, efnilegur sonur Íslands, hæfileikamaður en á markvissri niðurleið," segir Guðmundur sem skrifar mikið í skorpum en þælir í viðfangsefniinu þess á milli. „Ég er búinn að skrifa hana oft í kollinum sem er ekki það sama og í alvöru, en hún er komin mjög langt."

Guðmundur stefnir á að koma bókinni út fyrir jólin enda sé það vaninn hér á landi. „Ég er samt mjög ánægður með Draumalandið hans Andra

Snæs, ég held að það sé fin sumarbústaðabók og margir eigi eftir að nota hana sem slíka."

Á fullu með SKE

Guðmundur er einnig að fara á fullt með hljómsveit sinni SKE sem hefur ekki sést mikið undanfarið. „Við erum bara að setja í aðra plötu og fólk mun sjá okkur eitthvað á ferðinni í sumar. Við erum að semja á fullu núna og það er ýmislegt að fara að gerast."

Á að taka sveitaballamarkaðinn með trompi?

„Við höfum nú ekki lagt okkur mikið fram þar en það væri þó gaman. „SKE spilar í Logalandi“ er eitthvað sem ég væri mjög til í," segir Guðmundur og hlær.

Auglýsingasúpermanbúningur

„Svo er maður náttúrulega alltaf að skrifa pistla í Fréttablaðið. Einnig hef ég verið að semja auglýsingatexta fyrir stofu sem heitir Ó-ið eftir pöntunum. Ég er alltaf á auglýsingabakvakt, ef það þarf að semja slagorð í hveli, þá fer ég í auglýsingasúpermanbúninginn minn og reyni að bjarga því," segir Guðmundur sem er greinilega snöggur að kokka upp slagorð.

„Ég og þú, hér & nú", væri fint fyrir ykkur," segir Guðmund-

ur sem tekur 20–30 þúsund krónur fyrir slagorðið. „En ef þú ætlar að nota þetta eitthvað mikið, þá erum við að tala um fjórar kúlur," segir Guðmundur og hlær.

Í fylu yfir samfélagsmálum

Guðmundur hefur það mjög fínt með kærustunni sinni Alexíu. „Það kom nú einhver frétt hjá ykkur um að ég væri mjög ástfanginn af henni, það má allveg líka koma fram að hún er ástfangin af mér. Þetta er ekki einhliða samband," segir Guðmundur frekar léttur á því.

Hann er einnig að hjálpa Degi B. Eggertssyni vini sínum í baráttunni um borgina. „Ég styð hann heilshugar enda réttur maður í embættið. Hann er ungur, ferskur og öflugur."

Guðmundur segist vera ofsalega ósáttur við margt og hann fari svakalega oft í fylu út af samfélagsmálunum.

„Ég hef áhyggjur af þessu og þarf líklega að leita til sálfræðings. Ég á það til að verða reiður þegar ég heyri fréttir en þýðir samt ekkert annað en að vera hress. Maður verður að drullast til að vera hress, er mitt slagorð."

Ekki á uppleið „Þetta er nú ekki sjálfssævisaga þó ég sé nú ekkert á mikilli uppleið sjálfur."

HVAÐ ER AÐ FRETTA?

Skrifar bók Guðmundur er að skrifa bók sem ber vinnuheitið Og heimsendir.



Ný plata Hjólmsveit-
in SKE er að vinna
efni á nýja plötu.



Hress Guðmundur
Steingrímsson hefur það
móttó að vera hress.

**„Eigum við ekki að segja að þetta sé
ungur, efnilegur sonur Íslands, hæfi-
leikamaður en á markvissri niðurleið.“**

SMS LEIKUR

9. HVER VINNUR!



**SENDU SMS SKEYTID JA HOD Á
NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VİNNINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVO • DVD
MYNDIR • TÖLVULEIKIR • VARNINGUR TENGÐUR
MYNDINNI OG MARGT FLEIRA**

RAUÐHETTA

FRUMSÝND 28. APRÍL
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI



LÍFSSTÍLL



Sjóræningi Skeggið klikkaði ekki á dimmíteringunni.

Næstum stúdentar!



Takið mig fastan!
Þessar fjórar glæsilegu stúlkur létu góða veðrið leika við sig.



Fat Bastard Auður var í líki Fat Bastard úr Austin Powers á meðan Steinþóra spókaði sig í hjúkkubúningi, stórglæsileg að vanda.

Það hefur verið síður hjá framhaldsskólunum að sletta aðeins úr klaufunum áður en stúdentsprófin byrja. Krakkarnir úr Kvennaskólanum eru þar engin undantekning. Klæddu þau sig upp í búninga og gengu um miðbæinn sigri hrósandi. Ljósmyndari Hér & nú rakst á þessar stórglæsilegu stelpur þar sem þær nutu sín í sólinni, tilbúnar að takast á við próflestur næstu daga.

Krakkarnir úr Kvennó DIMMITTERAÐ Í SÓLINNI



Flottastur Matti og Johnny English voru mættir á djammíð, eldheittir eins og venjulega.



Sautján Strákarnir úr tísku-vörversluninni Sautján létu fara vel um sig á Prikínu.



Svíinn Peter Winnberg bassaleikari Hjalma lék fyrir dansi á síðasta kvöldi Vorblótsins.

Það var nóg um að vera í miðbæ Reykjavíkur um helgina. Vorblótið var í fullu fjöri á Nasa, þar sem mörg af heitustu böndum landsins létu sjá sig. Skemmtistaðir bæjarins voru vel fullir enda þriggja daga helgi eins og hún gerist best. Heimsmeistari barþjóna, Danilo Oribe, sýndi listir sínar á Thorvaldsen við mikla hrifningu viðstaddra. Annars eru prófin að setja smá strík í djammíð, en Hér & nú var að sjálfsögðu á staðnum.



Eldress Bárna og Elli af Kiss FM skemmtu sér í miðbænum um helgina.



Curver Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen voru sprækir á Nasa.



Strípan Brynjar Már af FM og Kristín Ýr voru sjóðandi heit...



...einn koss á strípuna.

HEIMSMEISTARINN



Ferskur Kokteillarnir hans Danilos líta vel út eftir mikinn hristing.



Stemming Danilo er heimsmeistari barþjóna og fór á kostum á Thorvaldsen.



Bachelor Jenný úr Bachelornum var mætt á djammíð með honum Danna.



Flottur!

Heimsmeistarinn Barþjóninn Danilo Oribe sýndi listir sínar á Thorvaldsen um helgina.

OG Rjúkandi stuð



Þjargráð Berglindar

L eikkonan Jessica Alba er á öllum listum yfir fegurstu konur heims enda stórglæsileg. Hún fyrirgaf Playboy nýlega að hafa birt myndir af henni í leyfisleysi eftir að Hugh Hefner bað hana afsökunar. Jessica, sem er ávallt óaðfínnlega tilhöfð, notar meðal annars þessar vörur til að líta vel út:



Bourjois-maskari Svartur Bourjois Volume Glamour Mascara. Fæst í Lyfju og kostar 1.040 krónur.

Kinnalitir frá MAC Pink Swoon Powder Blush frá MAC. Fæst í Debenhams fyrir 2.290 krónur.



FÁÐU ÚTLIT STJÖRNU



Undrakrem sem allar stjórnurnar í Hollywood nota

Það hjálpar öllum húðtegundum og gefur húðinni milljón dollara lúkkið. Sagt er að Kate Moss og Jennifer Lopez noti andlitskremið líka og beri á líkamann á hverju kvöldi. Mest fyrir allar konur. Kremið fæst í apótekum í tveimur stærðum og kostar 12.000 og 30.000 krónur.

Varalitagloss frá MAC Plum Parfait Petit Gloss. Fæst í Debenhams og kostar 1.690 krónur.



Bourjois-augnskuggar Fást í Lyfju á 1.068 krónur.



SVONA ÁTTU AÐ ÞVO Á ÞÉR HÁRIÐ

Gosi, hárgreiðslumaður á Rauðhettu og úlfnum, gefur lesendum hér & nú góð ráð.

Það skiptir máli að kaupa góð sjampó sem henta hárinu og um að gera að fá ráðleggingar varðandi valið. Góð sjampó endast betur því það þarf minna magn af þeim. Ef sjampóið freyðir ekki á alls ekki að tæma brúsann í hárið heldur skola sápunu úr og þvo það aftur. Það er líka sérstaklega mikilvægt að

skola hárið mjög vel eftir hárpvott. Það ætti að nota hárnæringu í hvert skipti sem hárið er þvegið og passa að skola hana líka mjög vel úr. Að lokum vil ég benda konum á að passa upp á að karlarnir þeirra séu ekki að nota fínu sjampóin þeirra í freyðiböð, reynið því að fela þetta fyrir þeim."

BRELLUR ÚR BRANSANUM

Farðu á stefnumót

8 GÓÐ DEIT

Stefnumót eru ekki eitt-hvað sem Íslendingar hafa verið duglegir að iðka í gegnum tíðina. Hér & nú mælir eindregið með því að fólk stundi þetta meira, hvort sem það er einhleypst eða í sambandi, enda fátt skemmtilegra en gott stefnumót. Hérna eru nokkrar hugmyndir að hressandi deitum sem ættu að geta hjálpað ykkur af stað.

1 Keyrið út að Reykjanesvita og skoðið ykkur um, horfið á brimið og takið göngutúr um hraunið. Aldrei að vita nema þið finnið Geirfynn.

2 Takið ykkur einhvern rosalega flottan bíl á leigu í einn dag og látið sem þið eigið hann. Keyrið svo um allar trissur, skoðið falleg hús og látið ykkur dreyma um framtíðina. Þið getið jafnvel sagt hvort öðru sögur af húsunum sem þið hafði búið í í gegnum tíðina.

3 Klæðið ykkur upp og fáið ykkur jafnvel eitt eða tvö vínglós. Skellið ykkur svo á salsakvöld en þau eru haldin öll fimmtudags-

kvöld á Kaffi Kultura þar sem boðið er upp á kennslu. Þetta getur haft góð áhrif á stelpurnar svo strákarnir ættu ekki að sjá eftir því að prófa.

4 Pakkið góðu nesti í körfu á góðvörðisdegi og skellið ykkur í lautarferð á Þingvelli. Takið með ykkur flugdrekka eða eitthvað skemmtilegt svo ykkur leiðist nú ekki ef þið hafið ekki um neitt að tala.

5 Farið í hvalaskoðun. Þó að Keikó sé dauður eru fleiri fiskar í sjónum.



6 Takið rúnt með strætó. Hoppið upp í fyrsta vagn sem mætir, skoðið fólk-ið sem ferðast með strætó og ímyndið ykkur hvernig líf þeirra er, hvert það er að fara og hvað það gerir. Munið að hafa rétta upphæð tilbúna.

7 Tékkið á Kolaportinu. Mátið fáránleg föt og takið myndir af hvort öðru. Kaupið ykkur kókosbollur og harðfisk. Aldrei að vita nema þið getið gert góð kaup. Þið getið svo notað myndirnar á boðskortin í brullaupið ef þið náði svo langt.

8 Farið í berjamó. Það er hægt að gera góðan dag úr því að tína ber. Þið getið síðan búið til ykkar eigin sultu með ostunum.



HVAÐ ER BEST AÐ GERA Í VANDRÆÐALEGRI ÞÖGN?

1. Haltu áfram að þegja og haltu kúlinu. Bíddu bara eftir að hann segi eitthvað.

2. Helltu niður. Þú getur svo í framhaldi af því farið að segja honum sögur af öförum þínum.

3. Dragðu upp vasaútgáfu af lúdó og skoraðu á hann í leik.

4. Vertu djörf og farðu í sleik við hann.

5. Taktu Mullers-æfingar og léttar teygjur.

6. ... jæja...

Stórt hlutfall karlmannna horfir á fótbolta og stórt hlutfall kvenna lætur það fara í taugarnar á sér. Strákar á öllum aldri eru farnir að telja niður dagana þar til heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst 9. júní. Hvernig væri að koma kærastanum á óvart og kaupa handa honum áskrift að Sýn. Ef hann hefur áhuga á fótbolta er þetta eitthvað sem klikkar ekki. Ekki samt gera þau mistök að reyna að vera „kúl“-kærastan og ætla að setjast niður og horfa á boltann með honum. Þetta er athöfn sem strákar vilja bara eiga fyrir sig. Settu frekar nokkra kalda í ísskápinn fyrir hann og félagana og kíktu á kaffihús með vinkonu þinni.

KOMDU HONUM Á ÓVART



HLJÓMSVEITIN SEM PIS OG STAKK AF

Gunnar Ólason segir sögur af Skítamóral



Gunnar Ólason
Söngvari Skítamóral
segir skemmtilega sögu úr bransanum.

„Það er hótað lögsókn og einhverju fleiru sem ég kann ekki að nefna og það að við fengjum aldrei að spila fram- ar, neinsstaðar, eftir þetta.“

BRANSASAGA

Hljómsveitin mín var einu sinni fengin til að spila á stað úti á landi og höfðum við spilað þar einu sinni áður. Svo ég segi lítillega frá fyrri ferðinni þá höfðum við aldrei áður farið svo langt frá heimahögum og höfðum ekki hugmynd um hvar þessi staður var. Við fylltum bílinn af drasli og ókum af stað eftir bestu vitund, vitandi að við ættum að beygja fljótlega eftir Borgarnes.

Pissað út um gluggann

Þegar við erum að keyra frá Borgarnesi tekur einn ónefndur aðili uppá því að kasta af sér vatni út um gluggann á ferð, hann situr í farþegasætinu fremst í bílnum. Að sjálfsgöðu vekur þetta mikla kátínu hjá hinum og fylgjast þeir

spenntir með. Svo vel að enginn tekur eftir því að það átti að beygja til vinstri og var því ekið sem leið lá framhjá afleggjaranum á staðinn góða. Menn fara samt fljótlega að furða sig á því hvar þessi beygja sé sem átti að taka. Á þessum tíma eru GSM símar sem betur fer nýkomnir til sögunnar og það er hringt á staðinn þar sem hljómsveitin á að spila um kvöldið. Fljótlega fást þær upplýsingar að við séum komnir allt of langt og þurfum að snúa við hið snarasta svo við yrðum ekki of seinir.

Við náðum að komast í tæka tíð til að spila og fór vel, svo vel að við vorum fengnir til að koma aftur sem við gerðum. Það skiptið rötuðum við rétta leið í fyrstu tilraun.

Hótað lögsókn

En móttökurnar sem við fengum í það skiptið hjá ónefndum aðila sem réði okkur voru ekki upp á marga fiska. Við brugðum á það ráð, eftir að við vorum búinir að fá okkur smá næringu, að láta ekki koma svona fram við okkur og ákváðum að yfirgefa svæðið sem við og gerðum. Við erum komnir í Reykjavík á þeim tíma sem við eigum að vera að telja í fyrsta lag á staðnum góða. Síminn hringir og sjáum við strax að það er aðilinn sem réði okkur sem er að hringja og er ég látinn svara. Það er hótað lögsókn og einhverju fleiru sem ég kann ekki að nefna og það að við fengjum aldrei að spila fram- ar, neinsstaðar, eftir þetta.

Fjölmiðlaumfjöllun

Ég hlustaði bara rólegur á manninn og sagði honum svo bara að gera það sem hann vildi og lagði á. Þetta varð til þess að við fengum mjög góða umfjöllun í blöðum og útvarpi. Hljómsveitin sem stakk af og fleira í þeim dúr. Þetta mál fór meira að segja í Dægurmálaútvarpið á Rás 2. Við fengum nú að halda þeim litlu veraldlegu eignum sem við áttum og fengum líka fullt að gera varðandi spilamennsku, hingað og þangað um landið. Síðast þegar við fréttum af þessum manni, sem réði okkur á þetta ball, var hann staddur í Danmörku og þurfti víst að fara þangað í flýti ... en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það...

SABI ÚT UM GLUGGANN



Flottir Strákarnir í rífandi gir í Sjallanum síðasta sumar.



Skítamóral Gunní, Hanni, Hebbi og Grímur á góðri stundu.

ÞAÐ ER ALLT RAUÐT

Ég er búin að vera mikið í svörtu og hvítu í vetur en ætla að fara að klæða mig meira í liti núna þegar sumarið er að koma, Ég er alveg húkket á rauðu, það er allt voða rautt hjá mér núna,“ segir María Ýrr Atladóttir, eða Mía eins og hún er kölluð, en hún er verslunarstjóri hjá Shoe Studio og spáir því mikið í tískuna.

„Ég versla frekar mikið af fötum og skóm. Ætli ég eyði ekki svona 30 þúsundum í þetta á mánuði, stundum meiru,“ segir hún og hlær. „Ég versla aðallega í All Saints og auðvitað Shoe Studio,“ bætir Mía við en hún á safn af fallegum hælaskóm. Hér & nú kíkti til Míu í Hafnarfjörðinn og fékk að gramsa aðeins í skápnum hjá henni.

Sumarleg og sæt

„Þetta eru uppáhaldsbuxurnar mínar, þær eru úr Top Shop. Peysan er úr Whistles.“



Rauðir og rosalegir

Uppáhaldsskórnir hennar Míu enda rautt í uppáhaldi þessa dagana.



Skófrík Mía á mikið af fallegum háhæluðum skóm. Þeir eru allir úr Shoe Studio nema þessir gylltu en þeir eru úr Zöru.



Bikiní fyrir sumarið

Mía verður án efa flott í sundi í sumar í þessu sæta bikiní sem hún keypti sér í Warehouse.



Sígildur „Ég er nýbúin að kaupa mér þennan jakka í All Saints.“



Reykjavík rocks Ógeðslega töff beltí úr All Saints.



Uppáhaldið „Þessi toppur er í algjöru uppáhaldi hjá mér núna. Ég fékk hann í Sautján og nota hann þegar ég vil vera fin.“

ÞESSA DAGANA

Kíkt í fataskápinn hjá Maríu Ýrr Atladóttur



Algjör þæja „Ég þori nú varla að segja hvar ég keypti buxurnar en þær eru úr Mótor, bolurinn og skórnir eru úr Centrum.“

fataskápurinn

Hér & nú bauð fögnum stúlkum á Jet Ski

ÞETTA VAR ALVEG

Þetta var alveg geðveikt," segir Anna Brá sem fór ásamt vinkonum sínum á Jet Ski í boði Hér & nú þann 1. maí. Stelpurnar fóru á aðal Jet Ski-leigu höfuðborgarsvæðisins hjá Áburðarverksmiðjunni í Grafarvogi. „Ég og tvær aðrar vorum alveg í klukkutíma en hinar tvær voru eitthvað styttra," segir Anna Brá en hinar stelpurnar sem fóru á sjóinn eru Birna, Auður, Ása og Steinþóra. „Þetta fer alveg upp í 150 kílómetra hraða og ég hélt mér á þotunni allan tímann. Birnu var reyndar hrint út í og við komum í land allar úti í salti og sólbrunnar."

Það var glampandi sól við sjóinn á verkalýðsdaginn og nóg að gera á Jet Ski-leigunni. „Ég mæli algjörlega með þessu og við ætlum klárlega að fara aftur í sumar," segir Anna Brá kampakát að lokum.



Glaðar Það er gaman að fara á Jet Ski.



Á fullri ferð Stelpurnar þeyttust um Faxaflóann á miklum hraða.



Gaman Birna fór á bólakaf og sjórin var greinilega kaldur.



Lagt í hann Anna Brá gerir sig tilbúna fyrir átökin.

Texti: Breki Logason – H&N-myndir: Valli

GEÐVEIKT

**Saltlegnar
gellur!**



Sæpota Anna Brá tók sig vel út á sæpotunni.



Í fullum skróða Stelpurnar fengu flotta galla áður en þær fóru út á sjó.



Gefið í Stelpurnar voru ekkert að spara bensín-ið og gáfu allt í botn.



Nóg að gera Það var brjálað að gera á Jet Ski-leigunni í blíðiðrinu þann 1. maí.



Hárið í lagi Birna kannar hvort greiðslan sé ekki örugglega í lagi.



Flottust!

Kóngafólkið skein skært í sextugs- afmæli Karls Gústavs Svíakonungs

**Báru af Dorrit Moussaieff, forsetafú
Íslands, og Ólafur Ragnar Grímsson
báru af í afmæli Karls Gústavs. Dorrit
var íklædd grænum siffon-kjól og í há-
hæluðum grænum skóm. Þá var hún
með gullfallega hálsfesti og íslenskan
keip um herðar, að sjálfsögðu.**

DORRIT FALLEGRI EN ALLAR DROT

Karl Gústav Svíakonungur hélt upp á sextugsafmæli sitt með þriggja daga veisluhöldum um síðustu helgi. Á laugardeginum var boðið til gala-kvöldverðar þar sem kóngafólki Evrópu og víðar að var boðið að fagna með konungshjónunum.

Kóngafólk Norðurlanda var að sjálfsögðu mætt í afmælið en einnig mættu forsetahjón Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff í boðið og sló Dorrit allar prinsessur og drottningar út.

Hún klæddist grænum siffon-kjól, við græna háhælaða skó og bar demantshálsfesti. Dorrit er drottning í allri sinni dýrð.





Fallegar prinsessur
Madeleine prinsessa og systir hennar Victoria krónprinsessa Svíþjóðar geisluðu í afmæli föður síns. Þær þykja myndarlegustu prinsessur Evrópu.



Gullfalleg *Mary Donaldson krónprinsessa Danmerkur er ávallt talin glæsilegasta prinsessa í Evrópu eftir dauða Díönu prinsessu. Mary var í glæsilegum silkikjól og fékk verðskuldaða athygli. Eiginmaður hennar Friðrik komst ekki í veisluna en Henrik prins, eiginmaður Danadrottningar, fylgdi frúnni í staðin.*



Myndarleg *Jonas Bergstrom, kærasti Madeleine Svíaprinsessu, mætti í afmælið ásamt Emmu Pernald. En hún er unnusta Karls Phillips Svíaprins.*



Stórglæsileg *Sonja og Haraldur af Noregi voru tignarleg eins og kóngafólki sæmir.*



Hollensku hjónin *Prins Willem-Alexander frá Hollandi og Maxima prinsessa voru afar glæsileg í afmælinu. Maxima mætti í bróðeruðum kjól.*

ÞTNINGARNAR



Karl Gústav og Silvía *Fögnuðu afmæli konungsins með þriggja daga veisluhöldum.*



Sæl og hamingjusöm *Hamningjan geislaði af Mette-Marit krónprinsessu Noregs og eiginmanni hennar Hákonni. Mette-Marit var í afar þjóðlegum kjól.*



Suðræn og seiðandi *Spænsku konungshjónin Sofía og Juan Carlos mættu til veislunnar. Sonur þeirra Felipe og Letizia sáu sér ekki fært að mæta.*



Glæsilegur hópur Guðný Lára Árnadóttir, Dagný Guðmundsdóttir, Jónas Friðrik Steinsson, Sólveig Ósk Óskarsdóttir, Eyjólfur Magnús Kristinsson og Erlingur Guðbjörnsson.

Texti: Breki Logason H&N-myndir: Ómar V

MIKIL GLEÐI Á IDOL-KEPPNI OG VODAFONE

Mikil gleði var hjá starfsfólki Og Vodafone þegar það hélt hina árlegu Idol-söngvakeppni sína í lýðu um liðna helgi. Keppnin er með sama sniði og hin eiginlega Idol-keppni þar sem dómnefnd, að hætti American Idol, skar úr um ágæti þátttakenda. Eins og undanfarin ár stigu fjölmargir hæfileikaríkir söngvarar á stökk og átti dómnefndin fullt í fangi með að finna þá bestu úr þeim hópi.

Það var Katrín Ósk Einarsdóttir sem bar sigur úr býtum með laginu Summertime eftir Dabose Howard & George Gershwin. Katrín hlaut glæsileg verðlaun; 25.000 króna gjafabréf frá Iceland Express. Í öðru sæti var Jónas Friðrik Steinsson og í þriðja sæti Berglind Mjöll Tómasdóttir, sem einnig fengu gjafabréf frá Iceland Express og Smáralind. Þegar keppninni lauk hélt gleði starfsfólks Og Vodafone áfram fram á nött.



För með rímur Gústav Þór Stolzenwald fór með rímur.



Flottir Addi Idol og Stefán B. Öndurson.



Gaman Guðný Lára Árnadóttir, Marijon Ósk Nóadóttir og Baldvin Osmann Brynjólfsson.



Heitur Jónas Friðrik Steinsson var eldheitur.



Starfsfólk Og Vodafone Katrín Ósk Einarsdóttir, Eyjólfur Magnús Kristinsson, Hödd Vilhjálmsdóttir, Berglind Mjöll Tómasdóttir og Ragnar Marínósson.

NÝTT

Americanflex®

Glæsileiki



BOX COM BAÜ

Fullkomin lausn!
Nýttu plássið. Frábærar lausnir í
unglingaherbergjö, sumarhústaðinn
eða hvar sem er.



DUPLO BOX

Nýttu plássið. Frábær lausn í
unglingaherbergjö

BUONO

Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu
gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju.
Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Fermingartilboð

120 x 200 verð kr.59,900.-



RÚM&SÓFI
húsgagnaverslun

Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833

HVAÐ VIRKAR?

SVONA REYNIÐU VIÐ FR

Af einhverjum ástæðum virðist vera meira að gera hjá fólki í ástamálunum á sumrin. Nú með hækandi sól er ekki úr vegi að spá í hvernig best er að bera sig að þegar farið er í að heilla hitt kynið. Hér & nú spurði stjórnumar út í hvað virkar og hvað ekki í þessum bransa.



„Kurteisi og sjálfstraust heillar mig. Mér finnst líka skipta máli að áfengi sé ekki í spílinu. Mér fyndist skemmtilegt ef strákar myndu bjóða mér í mat og elda sjálfir.“
Pórey Edda,
stangarstökkvari og pólitikus.



„Strákar verða að vera þeir sjálfir, og eiga ekkert að setja sig í neinar stellingar til að heilla mig. Annað hvort hafa þeir það eða ekki.“
Dóra Takefusa
athafnakona.

Pú átt séns!



„Fyrir það fyrsta þurfa þeir auðvitað að vera Brynjar Már, kærastinn minn. En þeir verða bara að vera þeir sjálfir og ekki reyna eitthvað of mikið.“
Kristín Ýr, knattspyrnukona og rappari.



„Ég kann ekki við feik. Stelpur verða að vera hreinar og beinar og algjörlega þær sjálfar.“
Hanni Bachmann, trommuleikari Skítamóralis.

RÆGA OG FALLEGA FÓLKID

„Strákar verða að vera „hard to get“, það heillar mig meira eitthvað sem ég get ekki fengið. Ég fíla ekki þetta týpiska sem strákar gera oft, eins og að senda SMS, það er alveg off. Ég myndi heldur ekki vilja að strákur sem ég þekkti lítið sem ekkert færi að bjóða mér á deit, það verður bara alltaf svo vandræðalegt. Ég vil heldur kynnast einhverjum í gegnum vini og svo gera eitthvað í því.“
Manúela fegurðar-drottning.



„Stelpur þurfa að sýna sjálföruggi án þess að virka góðar með sig. vera ófeimnar við að koma og tala við mig en þær verða að hafa eitthvað að segja, annað en: Hæ, hvað segirðu?“
Ásgeir Kolbeins, fasteignasali og sjónvarpsmaður.



„Etlí það sé ekki bara sjálföruggi, mér finnst aðlaðandi þegar stelpur eru öruggar með sig. Þær mega samt ekki vera uppþrengjandi heldur verða að láta hafa svolit-ið fyrir sér!“
Bjarni Lárus Hall, söngvari Jeff Who.



„Stelpur mega ekki sýna mér of mikinn áhuga, þær verða að vera svolitíð erfiðar. Þær mega alls ekki vera of ákafar. Mér finnst það algjört törn off. Svo ættu þær ekki að reyna að vera eitthvað sem þær eru ekki, heldur bara eðlilegar.“
Kristó, söngvari Lights on the Highway.



„Það virkar ekkert að reyna við mig. Ég hef aldrei fallið fyrir strák sem reynir við mig. Ef ég fæ ekki að vinna vinnuna sjálf, þá gengur þetta ekki upp.“
Halla Vilhjálms leikkona.



„Það virkar náttúrulega ekkert fyrir stelpur að reyna við mig þar sem ég er í föstu sambandi en mér finnst skipta máli að stelpur séu ekki að þykjast vera eitthvað. Þær mega ekki vera allt of uppteknar af eigin fegurð, það er betra fyrir þær sjálfar og mig.“
Valdimar Örn Flygning leikari.





HUMMER



1. útdráttur
9.maí

Milljónir króna í hverri viku

Aðalvinningar á einfaldan miða:
6 Hummer H3 jeppabifreiðar
6 vinningar á 5 milljónir hver
20 vinningar á 3 milljónir hver
72 vinningar á 2 milljónir hver
Heildarfjöldi vinninga 26.134

Allir vinningar
skattfrjálsir

Aðalvinningar á tvöfaldan miða:
6 Hummer H3 jeppabifreiðar
+ 5 milljónir í skottinu
10 vinningar á 6 milljónir hver
36 vinningar á 4 milljónir hver
Heildarfjöldi vinninga 52.268

Hringdu núna
561 7757
Kíktu á netið
www.das.is

Bilainnflytjandi



Ágóði af Hapdrætti DAS rennur til uppbyggingar dvalarheimila aldraðra.
Taktu þátt því þörfin er brýn.

Opið í aðalumboði um helgina frá 10–20. Síminn er 561 7757 eða pantið á das.is

**773 skattfrjálsar
milljónir á árinu**

HAPDRÆTTI



-vinnur í hverri viku

ALVÖRU FÓLK

Geir Ólafs stendur við stóru orðin og gefur Valda koppasala sæng

„ÞAÐ ER BARA EINN GEIR ÓLAFS“

Góður söngvari!

Ég hlusta aðallega á Frank Sinatra og eitthvað svona eld-gamalt. Geir Ólafsson syngur mikið af Sinatra-lögum og mér finnst hann svakalega góður,“ sagði Þorvaldur S.K. Norðdahl, betur þekktur sem Valdi koppasali, í viðtali í Hér & nú fyrir skömmu.

Geir Ólafs mætti þá heim til Valda og þeir félagarnir hlustuðu saman á plötur. Geir lofaði Valda þá að hann ætlaði að gefa honum sæng og kodka frá versluninni Dún og Fiður, sem Geir rekur ásamt foreldrum sínum. „Þetta gekk bara alveg rosalega vel og það var gaman að sjá hann Valda gleðjast yfir gjöfinni,“ segir Geir, sem er greinilega gjafmildur maður. „Þetta var andadúnssæng af bestu gerð,“ segir Geir og tekur fram að foreldrar hans hafi verið með í gjöfinni til Valda. Það er greinilegt að söngvarinn ástsæli er ekki bara með englaródd heldur með innræti þeirra líka.

Góð sæng Valdi var að vonum ánægður með sængina og koddann frá Geir enda hágæða vara þar á ferð.

Gjafmildur Geir Ólafs stóð við stóru orðin og gaf Valda koppasala sæng og kodka frá Dún og fiður.

Góðir vinir Það fór vel á með þeim félögum upp við Rauðavatn þegar Geir kom með gjöfina stóru.

EINFALDLEIKINN AÐ

Petta er gamall garður en við erum mikið búin að rífa upp úr þeðum og setja fjölbreyttari trjátegundir í staðinn," segir Ásdís Lilja Ragnarsdóttir um garðinn sinn í Kópavoginum. Ásdís og eiginmaður hennar Sigurður Adolffsson eru bæði garðyrkjufræðingar og á garðurinn því hug og hjarta þeirra beggja. „Það er mikið af fjölærum plöntum þarna og við leggjum rosalega áherslu á pottaræktun en garðurinn er mjög fallegur yfir sumartímann þegar allt er í blóma.“ Ásdís segist gjörn á

að setja of mikið niður og þá lendi plönturnar oft mjög þétt saman. „Við höfum þá tekið upp plönturnar og sett í stóra potta sem við erum með. Og erum þá eiginlega með tvönnu konar garða. Annars vegar svokallaðan pottagarð og svo vernjulegan. Fólk getur nýtt sér þetta með pottana ef það er ekki með garð heldur bara svalir," segir Ásdís Lilja sem hefur mikla trú á pottagarðunum.

Kaupa plöntu og byrja

„Mér finnst þessi pottarækt-

un mjög skemmtileg og náttúrulega mun auðveldara en að vera með garð. Þú tekur efsta lagið af pottunum og bætir í nýrri mold og áburði. Við höfum verið með stóra potta en maður verður að passa að frárennslið úr pottinum sé gott svo það safnist ekkert vatn. Það er lyk-
ilatriði að þetta sé ekki sullandi blautt," segir Ásdís sem hvetur fólk til þess að láta vaða.

„Það er um að gera að kaupa sér eina plöntu, setja hana í pott og hugsa um hana

eins og hún væri í garðinum hjá þér. Trén vaxa mjög vel þó vaxtarhraðinn sé kannski ekki jafn mikill, ég er til dæmis með birkitré í potti hjá mér.“

Líður eins og uppi í sveit

Sigurður og Ásdís eiga tvær stelpur, eina sem er að verða tvítug og aðra nýfermda. „Þær hafa lítinn áhuga en ég hef verið í þessu í rúm tuttugu ár. Það er að færast í vöxt núna að minnka vinnuna í garðinum og vera með stóra palla og þessi

Ásdís Lilja Ragnarsdóttir garðyrkjufræðingur er með stórglæsilegan garð í Kópavoginum



Gosbrunnur

„Það er gaman að kveikja á þessu á síðkvöldum. Þarna eru líka að koma upp hjá mér túlpanar, animónur og fylltar páskalliljur.“

Fuglahús „Við skárum ofan af birki og settum á fuglahús. Þeir eru nú aðallega að kroppa í stráin á þakinu, nota þau í sína eigin hreiðurgerð. Annars verpa þeir mikið í grenitránum hjá mér.“



Sniðugar körfur

„Við í Blómavali fluttum þessar körfur inn í fyrri. Þú setur þetta út á haustin og er svona framlenging á sumrin, þetta er mikið gert í Evrópu.“



Ljónið „Það er gaman að vera með eitthvað sem lífgar upp á garðinn. Ljónið er á palli fyrir framan húsið sem er sælupottur alveg í hásuður.“



Skraut „Þetta er nú bara eitthvað sem frúin er að leika sér með. Ég notaði gamla pott til að skreyta aðeins beðin.“



FÆRAST ÚT Í GARÐ

tréverk sem við sjáum úti um allt. Þessi einfaldleiki sem er kominn inn til okkar er að færast út í garð líka," segir Ásdís sem vinnur í Blómavali.

Sigurður eiginmaður Ásdísar sér aðallega um sumarbústað sem þau hjónin eiga en Ásdís er meira í garðinum sem hún hefur gaman af. „Það er mjög róandi að setjast niður í garð á kvöldin, reyta illgresi og finna kyrrðina. Við erum líka með holtið hérna á bak við okkur þannig að manni líður stundum eins og uppi í sveit," segir Ásdís sem viðurkennir þó að mikil vinna fylgi falletum garði.

Gerist ekki af sjálfu sér

„Vinna er aðallega á vorin við að hreinsa laufin og klippa trén, bera á áburð og svo er maður allt sumarið að halda þessu hreinu, sem er mjög skemmtilegt.“

Hús þeirra hjóna er byggt á klöpp og er garðurinn mjög grýttur og grasflötin lítil. „Við nýtum okkur grjótið og spinnum svo beð út frá því. Jarðvegurinn er ekki slæmur en það þarf að bera á áburð til að halda þessu við.“

Ásdís segist vera með stóran mistil í löngu kerri sem blómstrar líkt og hann væri úti í garði og sér hún engan mun. „En auðvitað er þetta allt vinna en erfiðið verður til góðs þegar maður er búinn að því. Þetta gerist ekkert af sjálfu sér og maður þarf krafta og vinnu í svona áhugamál. Sumum finnst þetta hundleiðinlegt og vita fátt leiðinlegra en að halda við garðinum. Ég horfi hins vegar öðruvísi á þetta.“

Hér & nú ætlar að kíkja í garðinn hjá Ásdísi og Sigurði seinna í sumar og sjá afrakstur erfiðisins.



Pottaræktun Ásdís hefur mikla trú á svokallaðri pottaræktun.

Ásdís Lilja Ragnarsdóttir
Garðyrkjufræðingurinn er með falletan garð í Kópavoginum.



Stór tré Trén í garðinum eru stór og falleg.

„Við höfum verið með stóra potta en maður verður að passa að frárennslið úr pottinum sé gott svo það safnist ekkert vatn. Það er lykilatriði að þetta sé ekki sullandi blautt.“

„ÉG HEF VÍST MYRT

„... og hlaut Jóhann fjögur skotsár. Tvö í andlit, eitt framanvert á hægri öxl og eitt við vinstra herðablað. Þegar flugstjórinn ruddist inn í íbúðina vöknudu kona Jóhanns, sautján ára sonur og tvær yngri dætur.“



Gullfaxi Fyrsta þota Flugfélags Íslands sem kom hingað til lands árið 1967.



Árið 1967 pantaði Flugfélag Íslands Boeing 727 þotu, sem síðar hlaut nafnið Gullfaxi og hlaut flugstjórinn þjálfun til að fljúga þotunni. Hann hafði annan lengsta starfsaldur hjá félaginu og átti því að verða aðstoðarflugstjóri Jóhannes- ar R Snorrasonar yfirflugstjóra þegar þotunni yrði flogið heim til Íslands í fyrsta sinn. Þetta var mikið metnaðarmál hjá flugstjóranum, eins og síðar átti eftir að koma í ljós.

Flugstjórinn fór í maí sama ár til Seattle í Bandaríkjunum með félögum sínum, þar sem Boeing-verksmiðjurnar voru með bækistöðvar, til náms í þotuflugi. Gullfaxi átti að fara til Íslands þann 28. júní en fljótlega kom í ljós að þotan yrði tilbúin fyrr en áætlað var. Það þýddi að flugstjórinn næði ekki að ljúka prófi sínu í þotuflugi og gæti

ekki flogið fyrstu þotu íslensku þjóðarinnar til heimalandsins. Vakti þetta mikil vonbrigði hjá flugstjóranum sem reyndi ítrekað að flýta prófinu eða fresta jórnfrúarfluginu. Leitaði flugstjórinn ekki síst til Jóhanns Gíslasonar, deildarstjóra flugrekstrardeildar Flugfélagsins, í þessu máli. Virðist Jóhann hafa sýnt þrábeiðni flugstjórans langlundargeð í þessu máli sem þó endaði með því að flugstjórinn skyldi ljúka þjálfuninni í Seattle með öðrum manni, en þotunni yrði flogið heim á settum tíma.

Drukkinn um borð

Flugstjóranum fannst sér sýnd mikil svívörða með þessu, gerðist mjög þungur í skapi og taldi að margir myndu draga þá ályktun að hann hefði fallið á prófinu. Að kvöldi 23. júní var Gullfaxi tilbúinn á flugvellinum í

Seattle og fjöldi manns var mættur til að taka þátt í fyrsta fluginu. Flugstjórinn okkar og félagi hans mættu drukkinn á flugvöllinn og heimtuðu að fá að fara með. Yfirflugstjórinn neitaði að hleypa þeim um borð enda ekki efst á óskalistanum að hafa drukkna starfsmenn félagsins um borð á svona stundu. Jóhann Gíslason tók í sama streng.

Flugstjórinn og félaginn létu sér ekki segjast og fóru um borð við litla hrifningu Jóhanns og yfirflugstjórans sem báðu ítrekað um að þeir kæmu sér frá borði. Loks var ákveðið að betra væri að fljúga með þá til Íslands en að kalla til lögreglu, valda uppnámi – landi, þjóð og flugfélagi til niðurlægingar. Okkar menn fengu þó sínu framgengt og sátu drukkinn með sætisólarnar spenntar yfir Atlantshafið.

Hatrið magnast

Stjórn Flugfélagsins leit málið alvarlegum augum og þó þeir bæðust vægðar var þeim gefinn kostur á að segja upp. Flugstjórinn reyndi ítrekað að fá ákvörðun stjórnarinnar breytt en Örn Ó. Johnson forstjóri hélt sig við ákvörðunina. Flugstjórinn reyndi fyrir sér með heilidsölu næstu mánuði en leit svo á að hann hefði verið svikinn, þá hefði hann ekkert síst verið Jóhann Gíslason sem hefði komið þessu í gegn og hefði markvisst unnið gegn sér.



MANN Í NÓTT



Með byssuna
Njörður Snæhólm til
hægri með morðvopnið.



Tómasarhagi í þessari
götu framdi flugstjórinn
óðæðisverk sitt.



Tómasarhagi 25 Hér
framdi flugstjórinn morðið.

Leið svo heilt ár og vonaðist flugstjórinn eftir starfi hjá flugfélaginu sem gerðist ekki. Um áramótin 1967-1968 bað hann féлага sinn hjá flugfélaginu um aðstoð sem

hann gat ekki veitt. Eftir þetta magnað-ist hatur flugstjór-ans í garð Jóhanns.

Skammbyssan

Þetta er morðvopnið sem flugstjórinn notaði.

Ætlaði að hræða fórnarlambið

Að kvöldi föstudagsins 9. maí fór flugstjórinn á kvöldverðarfund hjá Oddfellow-reglunni þar sem téður Jóhann var einnig mættur. Þeir áttu engin samskipti í kvöldverðarboðinu og fór Jóhann snemma heim til sín, að Tómasarhaga 25, að

fundi loknum. Sat flugstjórinn að drykkju fram eftir nóttu þar sem hann bölvaði meðal annars einhverju bréfi sem Jóhann hafði átt að skrifa stjórn Flugfélagsins gegn flugstjóranum.

Um fjögurleytið yfirgaf flugstjórinn samkvæmið ásamt féлага sínum og tveimur öðrum mönnum sem tjáðu honum að nærveru hans væri ekki óskað. Fór flugstjórinn þá á heimili sitt og náði í skammbyssu sem hann hafði stolið rúmu ári áður. Hlóð hann byssun með riffilskotum, settist upp í bíl sinn og ók að heimili Jóhanns að Tómasarhaga 25. Að eigin sögn sagðist hann hafa ætlað að hræða Jóhann en viðurkenndi að vel hefði komið til greina að drepa hann.

Átök í eldhúsi

Flugstjórinn kom að heim-

ili Jóhanns um hálf-fimmleytið og þegar enginn ansaði ruddist hann inn á heimilið og mætti þar Jóhanni og hóf að skjóta á hann og hlaut Jóhann fjögur skotsár. Tvö í andlit, eitt framanvert á hægri óxl og eitt við vinstra herðablað. Þegar flugstjórinn ruddist inn í íbúðina vöknudu kona Jóhanns, sautján ára sonur og tvær yngri dætur. Þrátt fyrir skotsárin tóks Jóhanni að ráðast á flugstjóran en átökunum lauk inni í eldhúsi. Eiginkonan þekkti flugstjóran, sem hún sagði að hefði endurtekið í sífellu: „Ég hef lengi ætlað að launa ykkur þetta.“ Rauk hann því næst út, henti frá sér byssunni og ók í burtu.

Fékk sér vindil

Flugstjórinn ók að afgreiðslu Flugfélagsins á Reykjavíkflugvelli og spurði næturvörð hvort

hann fengi að koma inn og reykja einn vindil. Næturverðinum brá heldur betur í brún þegar hann sá flugstjóran alblóðugan og aðspurður um blóðslettunarn svaraði flugstjórinn: „Ég hef víst myrt mann í nótt.“ Nefndi hann Jóhann Gíslason sem hann kvaðst hata. Næturverðurinn hringdi rակleiðis á lögregluna sem leitaði Jóhanns eftir upphringingu eiginkonunnar. Þegar að flugstjóranum var komið hafði hann stungið sig í kviðinn með litlum vasahníf, ekki var það mikið sár eða djúpt.

Við yfirheyrslur greindi flugstjórinn svo frá að hann hefði hatað Jóhann Gíslason vegna þess að hann hefði komið sér úr flugstjórastöðunni hjá flugfélaginu. Flugstjórinn var úrskurðaður sakhæfur og hlaut sextán ára fangelsisdóm fyrir morðið að Tómasarhaga 25.



Sumar Nú er sumarið að koma og margt sem þarf að gera.

MUNUM EFTIR VORVERKUNUM

Nú eru flestar blómarósir þessa lands farnar að huga að vorverkunum. Já, því að til að geta notið sumarsins til fulls þarf að undirbúa sig og sinna ýmsum verkum utandyra og innan. Þegar vorsólin gægist fram fer maður að hlakka til heitra daga (þó það sé nú oft ekki nema 12–15 gráður) þar sem sólin bakar kroppinn og skvísur skarta léttum sumarfötum á leið í sund eða í grillveislu í garðinum.

Kaupið ykkur eina sumarflík

Svo þarf að fá sér að minnsta kosti eina sumarflík sem er ómótstæðileg. Í mínum huga eru það til dæmis hvítu blúndukjólarnir sem nú fást víða – ásamt bandaskóm með fylltum hælum.

Og svo það þarf að kaupa blóm á svalimar, í garðinn, á pallinn eða bara hvar sem maður kemur þeim fyrir. Fyrst sumarið er stutt er eins gott að taka það með trompi.

Það sést hverjir stunda sund

Það er miklu betra að verða náttúrulega brúnn heldur en að stunda ljósabekki. Það sést hverjir stunda sund reglulega. Þeir eru svo hraustlegir á litinn og fljótir að verða sólbrúnir. Það er því hluti af vorverkunum að fá sér kort í sundlaugarnar. Og þegar maður hefur prófað útiklefana og útisturtunar einu sinni vill maður ekki annað. Mikíð er gott að fá súrefni og hreint loft alla leið.

Margir af okkar flottustu leikurum stunda sundlaugarnar allt árið. Hafið þið ekki tekið eftir því hvað leikararnir Stefán Jónsson, Ingvar E. Sigurðsson og Edda Arnljótsdóttir eru fersk og flott? Vesturbæjarlaugin er hluti af leyndarmálinu.

Dragið fram íþróttaskóna

Á sumrin dregur maður úr notkun bílsins – ekki bara út af háu bensínverði heldur til að

njóta sumarsins og finna að maður er á lífi. Það er því hluti af vorverkunum að lappa upp á reiðhjólið, taka fram línuskautana eða að minnsta kosti draga fram íþróttaskóna.

Svo er nauðsynlegt að taka eldhúsið með sér út. Það er frábært að fá sér morgunkaffið úti í garði flesta sumarmorgna. Ef maður skapar sér skjól er ótrúlega oft hægt að lesa blöðin og njóta morgunkaffisins úti. Og það er beinlínis nauðsynlegt að fara oft út að borða á sumrin. Þá á ég ekki bara við að fá sér hressingu á útikaffihúsi eða grilla úti í garði heldur ekki síður að fara með nestiskörfu og bjóða fjölskyldunni „út að borða“, til dæmis í Heiðmörk, Öskjuhlíð, á Þingvöllum...

Ræktið sjálf eitthvað matarkyns

Börn slá aldrei hendinni á móti ávaxtaskál eða öðru hollu

ef „drekkutíminn“ er úti á teppi í garðinum. Og það er gott fyrir líkama, sál og heimilisbudduna að rækta eitthvað grænt og vænt úti í garði. Það þarf ekki stórt pláss fyrir gróðurkassa þar sem hægt er að rækta ruccola, gulrætur, salatblöð, kryddjurtir, rabbabara... möguleikarnir eru endalausir ef maður gefur sér smá tíma að vori til að pota fræjunum niður í gróðurkassa með góðri mold. Að rækta sjálfur eitthvað matarkyns er ótrúlega skapandi og eflir sjálfstraustið.

Notið hvert tækifæri til að vera úti

Ég var svo heppin að fá sumarvinnu í Skógræktinni hér áður fyrr og vandist því að vera úti að rækta öll sumur. Ilmurinn úr jörðinni og af ösp og birki verður manni jafn mikilvægur á sumrin eins og súrefnið sjálft. Og því nota ég hvert tækifæri til að vera úti á sumrin. En væntingarnar eru miklar á hverju

Að rækta sjálfur eitthvað matarkyns er ótrúlega skapandi og eflir sjálfstraustið.

Ávextir Börn slá aldrei hendinni á móti ávaxtaskál eða öðru hollu ef „drekkutíminn“ er úti á teppi í garðinum.

Vorverkin fela í sér:

- AÐ KANTSKERA:** „BIKINI-RÖNDINA“ OG BLÓMABEÐIN.
- AÐ LAKKA:** TÁNEGLURNAR OG SÓLHÚSGÖGNIN.
- AÐ RAKA:** LÍKAMSHÁRIN OG GRASBLETTINN.
- AÐ OLÍUBERA:** FÓTLEGGINA (SVO ÞEIR VERÐI BRÚNIR) OG SÓLPALLINN.
- AÐ VÖKVA:** LÍKAMANN Í SUNDI OG BLÓMIN Í GARÐINUM.

Vesturbæjarlaug
Er hluti af leyndarmálinu.

vori. Maður ætlar sér að gera allt: Rækta garðinn og vinna, ferðast til útlanda, ferðast innanlands, fara í fjallaferðir, hjólaferðir, halda grillveisur, slaka á, koma sér í betra form. (Fyrir utan allt þetta venjulega, vinna, kaupa í matinn og þrífja).

Margir eru líka með sumar-bústaði sem þarf að halda við, hesthús, kartöflugarða, garðhús sem þarf að hlúa að og fellihýsi eða hjólhýsi sem kostaði nú sitt og eins gott að nota. Það er því margt sem á að gera á einu íslensku, stuttu sumri.

Náttúran við bæjardyrnar

Ég er að reyna að trappa mig niður og ætla mér ekki um

of. Það kemur sum- ar eftir þetta sumar og um að gera að leita ekki langt yfir skammt heldur finna góðar gönguleiðir í næsta nágrenni og fara í einhverjar skemmtilegar, stutt- ar náttúruferðir í hverri viku. Það er stórkostlegt útivist- arsvæði í Grafarholti, Grafarvogi, Breiðholti, Árbæ, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Reykja- nesi, við Bláa lónið... Það er sama hvar við Ís- lendingar búum, náttúran er við bæjardyrnar og tek- ur okkur opnum örmum í sumar.

Einföldum lífið en munum eftir vorverk- unum.

Gleðilegt sumar.

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ



GRAND CHEROKEE

GERÐU RÉTTAN VERÐSAMANBURÐ

Jeep



Evrópugerð Grand Cherokee

CRD 2006 **Diesel Mercedes Benz**

Sýningarbíll á staðnum

Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja

Jeep Grand Cherokee

Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 4.790.000.-

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími



2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduð vinnubrögð

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 - Fax: 5400 801
Smiðsbúð 2 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Hringdu núna...

Sími 5400 800

www.studiobilar.is

Hafdís Björg Kristjánsdóttir er ung móðir sem lenti í einelti og hefur glímt við fæðingarþunglyndi

ÉG VAR ALLTAF KÖLLUÐ ROTTAN

Mamma giftist öðrum manni þegar ég var sex ára og skildi við hann þegar ég var tólf ára. Þá fluttum við úr Breiðholti á Blönduós þar sem eineltið byrjaði,“ segir hin 18 ára gamla Hafdís Björg Kristjánsdóttir sem í dag er í sambúð og á eins árs son.

„Fljótlega eftir að ég flutti norður fékk ég viðurnefnið „rottan“ því ég átti að vera með svo stórt nef. Það voru aðallega eldri strákar sem sögðu þetta og alltaf þegar ég þurfti að fara í bólusetningu eða til læknis var ég spurð hvort ég væri loksins að fara í lýtaaðgerð, það var alltaf eitthvað,“ segir Hafdís sem fékk litla hjálp frá kennurum í skólanum.

„Þau töluðu einu sinni eða tvisvar við þessa stráka en þeir héldu bara áfram. Þunglyndið var orðið mjög slæmt og ég fór til skólasálfræðings, en það var bara einu sinni. Ég vildi ekki fara í skólann og helst ekki hitta neinn. Ég reyndi oft sjálfsvíg en fór svo í Menntaskólann á Laugarvatni þar sem enginn vissi af þessu og þá lagaðist þunglyndið um tíma.“

Líkamsárás á Laugarvatni

Fyrst um sinn leið Hafdísi mjög vel á Laugarvatni og fór meðal annars að reyna fyrir sér sem fyrirsæta hjá Eskimo models og tók þátt í keppninni meyma.com. „Þá voru tvær eldri stelpur í skólanum sem öfunduðu mig. Kærasti annarrar stelpunnar varð eitthvað hrifinn af mér sem fór í taugarnar á þeim og þær létu mig ekki í friði eftir þetta.


Það er í raun svolítið skrytið að í grunnskóla var ég lögð í einelti fyrir að vera ljót en í framhaldsskóla vegna þess að ég var svo falleg,“ segir Hafdís og rifjar upp hvernig stelpurnar létu við hana. „Passið ykkur, módelið er að koma, gefið henni pláss, sögðu þær þegar ég gekk um ganga skólans.

Síðan einn daginn var ég að labba frá skólanum og upp á heimavist þegar þær draga mig aftur fyrir vistina og ráðast á mig. Ég hringdi beint í mömmu og við ákváðum að kæra líkamsárásina. Þessar stelpur voru vinsælar í skólanum og enginn trúði mér. Það urðu allir rosaalega reiðir vegna þess að ég átti að hafa logið

Hafdís Björg Kristjánsdóttir er 18 ára stúlka sem býr á Akranesi. Hún á eins árs son, Kristján Hjörvar, og hefur upplifað fleira en flestar stúlkur á hennar aldri. Einelti, fæðingarþunglyndi og sjálfsvígstilraunir hafa einkennt líf hennar síðustu árin. Í grunnskóla var hún alltaf kölluð „rottan“ og lögð í einelti fyrir að vera ljót. Í framhaldsskóla stríddu stelpurnar henni síðan fyrir að vera falleg. Hafdís segir lesendum Hér & nú sögu sína.

Hafdís Björg Kristjánsdóttir Lenti í einelti og þjáðist af fæðingarþunglyndi.





„Eftir fjögurra mánaða samband varð ég svo ólétt sem var svakalega mikið áfall því það var ekkert planað og ég var á pillunni.“

Erfiður „Allir krakkarnir voru alltaf að hittast en ég þurfti að vera heima með strákinn sem var erfiður og svaf ekki mikið.“

Framhald á næstu opnu



Eins árs Sonur
Hafðísar er orðinn
eins árs.



„Þremur mánuðum eftir fæðinguna fékk ég svo rosalegt fæðingarþunglyndi því ég sá hverju ég var að missa af. Allir krakkarnir voru alltaf að hittast en ég þurfti að vera heima með strákinn sem var erfiður og svaf ekki mikið.“

Þessu upp á þær,” segir Hafðís sem fékk lítinn skilning frá skólástjóranum á Laugarvatni. Í kjölfar þessa hrökklaðist Hafðís í Fjölbautaskólann á Akranesi.

Erfið meðganga

Þegar Hafðís byrjaði í skólanum á Akranesi var hún rosalega hrædd. Ýtti öllum frá sér og vildi ekki eignast neina vini. „Ég var hrædd um að einhver tæki eftir nefinu á mér og færi að gera grín að mér. Ég var alveg rosalega leiðinleg en svo kynntist ég kærastanum mínum. Eftir fjögurra mánaða samband varð ég svo ólétt sem var svakalega mikið áfall því það var ekkert planað og ég var á pillunni,” segir Hafðís sem hefur verið með kærastanum í tvö ár.

Hafðís ætlaði sér að klára skólann en óléttan setti augljóslega strík í reikninginn. „Meðgangan var rosalega erfið, það blæddi rosalega mikið og ég var undir stöðugu eftirliti.

Strákurinn fæddist svo tveimur vikum fyrir tímann sem er mjög eðlilegt. Þremur mánuðum eftir fæðinguna fékk ég svo rosalegt fæðingarþunglyndi því ég sá hverju ég var að missa af. Allir krakkarnir voru alltaf að hittast en ég þurfti að vera heima með strákinn sem var erfiður og svaf ekki mikið.“

Hafðís hélt sig að mestu heima, kveði fyrir að fara út í búð og vildi helst ekki fá neinn í heimsókn. „Á þessum tíma var ég alveg búin að fá nóg af lífinu og ákvað að reyna bara að fara. Ég tók inn einhverjar töflur og var þá send upp á sjúkrahús þar sem þetta kom allt í ljós. Kærastinn minn vissi ekkert um þetta fyrr en þarna og ég var sett á þunglyndislyf sem heitir Cybranex.“

Áður hafði Hafðís reynt að nota rakvélarblöð til að stytta sér aldur en segir það aðallega hafa verið kall á hjálp. „Ég þorði ekki að tala um þetta við móð-

ur mína sem spurði sífellt hvers vegna ég vildi ekki fara í skólann.“

Prófaði marjúúana

Þegar sonur Hafðísar var sjö mánaða fór hún til Hollands og prófaði marjúúana í fyrsta skipti. „Mér fannst það virka miklu betur en þunglyndislyfin og ég gerði þetta nokkrum sinnum aftur. Síðan hrundi ég bara niður einn daginn og áttaði mig á að þetta væri ekki lífsstíll sem ég væri til í. Að reykja þetta og vera með lítið barn. Þá talaði ég við lækni því ég var rosalega slæm og sá engan tilgang með lífinu. Ég var sett á önnur þunglyndislyf sem hafa virkað mjög vel,” segir Hafðís sem er á góðu róli í dag.

Kærastinn hefur staðið þétt við hlið Hafðísar og tekið sér margoft frí úr vinnu til að hjálpa, þó hann sé vinnuvalki, að sögn Hafðísar. „Hann er íþróttakennari, fótboltaþjálfari og svo

er hann líka í löggunni,” segir Hafðís sem sjálf er í kvöldskóla í snyrtifræði. „Við fáum rosalega mikla hjálp frá mömmu fjárhagslega og svo er ég að fá endurhæfingarlífeyri í hverjum mánuði þannig að við höfum það ágætt.“

Skótuþjúin keyptu sér íbúð á Akranesi sem er frábær bær að sögn Hafðísar og á hún frábæra vini í dag.

Vantar fræðslu

Hafðís er í hópviðtölum með fimm öðrum ungum mæðrum sem þjást af fæðingarþunglyndi og segir Hafðís það hjálpa sér mjög mikið. „Þetta er hjá Hvítubandinu og það eru nokkrar þarna sem eru búnar að vera lengi. Ég heyrir voðalega mikið svipaða sögu og mína nema þá kannski fyrir utan sjálfsvigin.“

Fæðingarþunglyndi er nokkuð algengt og sérstaklega hjá ungum mæðrum sem hafa áður þurft að glíma við þunglyndi,



Einelti!

Hefur það fint „Við fáum rosalega mikla hjálp frá mómmu fjárhagslega og svo er ég að fá endurhæfingarlífeyri í hverjum mánuði þannig að við höfum það ágætt.“

Framhald á næstu síðu





Einelti „Ég var hrædd um að einhver tæki eftir nefinu á mér og færi að gera grín að mér. Ég var alveg rosalega leiðinleg en svo kynntist ég kærastanum mínum.“

segir Hafdís. „Sumar mæður sem ég hef talað við sjá eftir á að þær voru með fæðingarþunglyndi eftir að þær eignuðust sín börn.

Mér finnst að það eigi að vera meiri fræðsla, sérstaklega fyrir ungar mæður sem þurfa að skipta svona rosalega um lífsstíl. Allt í einu var ég bara farin að hugsa um einhvern annan en sjálfa mig. Mamma hefur hjálpað mér rosalega mikið og ég tala um þetta við hana og ömmu, annars er ég lítið að tjá mig um þetta,“ segir Hafdís sem einnig er í góðu sambandi við föður sinn.

Lifir með eineltinu alla ævi

Hafdís hefur verið að vinna fyrir fyrirtækið Nu Skin og sér sig í framtíðinni vinna að góðgerðarmálum. „Mig langar að hjálpa krökkum sem eru að deyja úr hungri í Afríku. Mað-

ur er að kaupa matarpoka fyrir þrjú þúsund krónur á mánuði sem dugar fyrir tvær fjölskyldur. Það er ekki mikill peningur og ég hef áhuga á að fara meira út í þetta,“ segir Hafdís sem greinilega er brennimerkt af eineltinu sem hún varð fyrir á Blönduósi, tólf ára gömul.

„Ég hugsa ennþá til þessara stráka og ég á aldrei eftir að fyrirgefa þeim það sem þeir gerðu mér og mun lifa með mér alla ævi. Í hvert skipti sem ég er að tannbursta mig og horfi í spegil hugsa ég um eineltið.

Ég skil ekki hvernig nokkur getur gert öðrum svona hluti. Þeir sem leggja í einelti gleyma þessu en við þurfum að lifa með þessu alla ævi. Mér líður vel í dag en kvíði því samt rosalega að strákurinn minn lendi í einhverju svona. Ég mun samt gera allt sem ég get til þess að það gerist ekki.“

„Ég hugsa ennþá til þessara stráka og ég á aldrei eftir að fyrirgefa þeim það sem þeir gerðu mér og mun lifa með mér alla ævi. Í hvert skipti sem ég er að tannbursta mig og horfi í spegil hugsa ég um eineltið. Ég skil ekki hvernig nokkur getur gert öðrum svona hluti. Þeir sem leggja í einelti gleyma þessu en við þurfum að lifa með þessu alla ævi.“

Gæðahreinsun – góð þjónusta Þekking • Reynsla • Þjónusta

Skýrtupvottur / Dúkapvottur / Heimilisþvottur

Hreinsum einnig sængur

Opið

mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00



Ásta Björk Lundbergsdóttir og Eggert Sigurðsson eru sannkallað pílupar

ÉG KASTA BETUR EDRÚ

Ég er nú bara búin að stunda þetta síðan árið 2003 og hef því verið mjög stutt í þessu," segir Ásta Björk Lundbergsdóttir, 36 ára landsliðskona í pílukasti. „Ég kynntist þessu nú eiginlega bara óvart. Ég bjó í Svíþjóð í tíu ár og spilaði mikið „búll“ sem er frönsk íþrótt svipuð og boccia en er ekki stunduð hér á landi. Þannig að þegar ég flutti heim vantaði mig áhugamál, rakst á þetta og smitaðist," segir Ásta sem gerði gott betur en að næla sér í pílueiruna því hún kynntist kærastanum í gegnum sportið.

Kynntust í pílunni

„Við erum búin að vera saman í eitt og hálf ár og kynntumst á liðamóti. Hann var þá eiginlega nýbyrjaður líka," segir Ásta en þau Eggert spila saman í því sem kallað er tvímenn-ingur. Eftir að Ásta kynntist pílulífróttinni, sem aðallega er stunduð á börum, leitaði hún til Pílukastfélagsins sem er með sinn eigin klúbb, Classic Rock, í Ármúlanum. „Svo eru þeir líka mikið með þetta á Suðurnesj-

um og við förum oft þangað. Það er einmitt Íslandsmeistarar-mót í Keflavík 13. og 14. maí hjá Pílufélagi Keflavíkur," segir Ásta og nefnir keppnisandann og félagssskapinn sem aðalkosti pílunnar.

Allir geta kastað pílu

„Það er rosalega mikið hugurinn sem skiptir máli. Þú þarft að geta hreinsað hann og gleymt vandamálu-num til þess að trufla ekki einbeitinguna. Um leið og þú nærð því, þá geta allir kastað pílu.“ Þó Ásta hafi verið stutt í sportinu komst hún í landsliðið og er nýkom-in heim frá Noregi þar sem var keppt um páskana. „Persónu-lega náði ég ágætum árangri en íslenska liðið komst nú ekki langt, strákarnir stóðu sig samt mjög vel.“

Ásta og Eggert eru með spjald heima hjá sér og er oft mikil keppni þeirra á milli. „Við veljum oftast að fara í pílu sam-an og stundum er hann betri og stundum ég. Það ætti nú ekki að vera mikill munur á milli karla og kvenna í þessu en það

er bara svo stutt síðan kon-an byrjaði að stunda þetta að einhverju ráði og fékk að vera með í keppnum," segir Ásta en keppnirnar eru kynjaskiptar fyr-



ir utan tvímennninginn. „Það er voðalega gaman hjá okkur og maður er oft svakalega góður heima. En það er líka nauðsyn-legt að hafa fjölbreytni og fara út og hitta fólk.“

Vantar fleiri konur

Pílukastíþróttin er aðallega stunduð á börum og eru kastar-

arnir oftast en ekki að sótra bjór. „Margir halda að þetta snúist bara um að drekka bjór, sem er vissulega eitthvað til í. Ég er samt svo heppin að kasta illa þegar ég er að drekka þannig að ég kys frekar að vera edrú og vinna," segir Ásta og hlær.

Búnaðurinn fyrir pílukast-ara er nú ekki svo flókinn þó spjaldið kosti sitt. „En þú átt það lengi og svo eru pílurnar ekki dýrar. Mér finnst þetta ekki vera mikil útgjöld og ársgjald-ið í félagið er heldur ekki hátt.“

Ásta segir misjafnt hvað hún æfi sig oft í viku. „Það fer mikið eftir tímabilum. Stundum er þetta á hverjum degi en minnst þrisvar, fjórum sinnum í viku og þá í nokkra klukkutíma í einu," segir Ásta sem saknar þess að ekki séu fleiri í félaginu.

„Það voru miklu fleiri þegar ég byrjaði en svo urðu einhver leiðindi í stjórninni sem endaði með því að margir hættu. Við erum ekki mörg í dag og það mættu endilega koma inn fleiri konur.“

„Margir halda að þetta snúist bara um að drekka bjór, sem er vissulega eitthvað til í. Ég er samt svo heppin að kasta illa þegar ég er að drekka þannig að ég kys frekar að vera edrú og vinna.“



Gaman Félagsskapurinn og keppnin eru aðdráttarafi þilunnar.



Kynntust í þilunni Ásta og Eggert spila saman í tvímenningi.

Pílupar!



Pílupar Ásta og Eggert eru sannkallað pílupar.

Landsliðskona Ásta Björk Lundbergsdóttir er landsliðskona í þilukasti.

BESTU ÁSTAR

Lesendur Hér & nú hafa getað lesið ástarsögur þekktra einstaklinga í blaðinu upp á síðkastið. Margir hafa sagt okkur skemmtilegar sögur sem eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar. Hér er hægt að sjá brot úr átta bestu sögunum að okkar mati.

**SKAPTÍ ÓLAFSSON OG
KOLBRÚN GUNNARSDÓTTIR**



Ég hætti ekkert fyrr en ég náði henni „Ég vissi nú bara hver hann var. Ég man eftir því að ég sá hann fyrst þegar ég var fimmtán ára þegar hann var að spila í Tívoli. Þá fannst mér hann hafa fallett bros og vera afskaplega sætur.“

**STEFÁN JÓN HAFSTEIN
OG GUÐRÚN KRISTÍN
SIGURÐARDÓTTIR**



Þetta var einhver örlagatilviljun „Hún hefur gert mig að miklu betri manni en ég hefði ella orðið.“

**STJÁNI STUÐ OG
SOFFÍA SÆTA**



Gæti ekki verið án Soffíu sinnar „Við kynntumst í Öskjuhlíðarskóla en ég var reyndar búinn að vera að skipta um kærustur eins og nærbuxur.“

**SILJA ÚLFARSDÓTTIR
OG VIGNIR GRÉTAR
STEFÁNSSON**



Giftu sig eftir þriggja daga trúlofun „Ég mætti næstum of seint í kirkjuna þar sem ég var föst í umferð eftir blaðamannafund. Vignir klæddi mig í kjólinn á meðan ég málaði mig.“

RSÖGURNAR

MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR OG
LILJA SVANBJÖRG SIGURDARDÓTTIR



Ástfangnar og löggiltar ömmur „Mér leist nú ekkert á blikuna út af aldursmuninum og svo gengur ekki að deita dætur vina sinna, þannig að það átti aldrei neitt að verða úr þessu. Svo hrökk ég upp einn daginn við það að ef það væri ekki fyrir þennan aldursmun og fordóma mína þá gæti ég ekki hugsað mér fallegri, gáfaðri eða betri konu.“

ÁSDÍS RÁN OG GARDAR
GUNNLAUGSSON



Hann elskar mig svo mikið að hann er að springa „Hann sendi mér sms með ljóði sem hann var búinn að vera að vinna að lengi. Rosalega fallegt ljóð. Ég fékk bara tár í augun, mér fannst þetta svo fallegt og svaraði: já.“

Ástarsagan



Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza

Grænmetispizza með sólþurrkuðum tómötum

Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut

5 68 68 68

Mjódd

Hanna Birna Kristjánsdóttir talar um trúlofun í Edinborg, ísfíkn, karlakóra og vorkvöld í Reykjavík

1. Fjörðurinn minn

„Ég er fædd og uppalin í Hafnarfirði, gekk þar í skóla og á yndislegar æskuminningar þaðan. Flutti þaðan rúmlega tvítug, en á mjög oft erindi þangað til að heimsækja vini og fjölskyldu.“



2. Gott að búa í Edinborg

„Ég lauk mastersnámi frá Edinborgarháskóla árið 1994. Það var gott að vera námsmaður í Edinborg, auk þess sem við hjónin trúlofuðum okkur þar og þess vegna á borgin alveg sérstakan sess í mínum huga.“

3. Ís í uppáhaldi

„Mér hefur alltaf þótt ís rosalega góður og þegar ég var barnshafandi voru það minnst tveir á dag. Besta ísbúðin í bænum er ísbúðin við Hagamel, þar sem ég lít reglulega við.“



4. Jóga besta heilsubótin

„Ég hef alltaf verið fremur löt í líkamsrækt. Sú líkamsrækt sem ég hef helst náð að stunda reglulega er jóga hjá Önnu Björnsdóttur, enda tímarnir hennar frábær blanda af góðri hreyfingu og slökun.“

5. Flottir karlakórar

„Ég hlusta á alla tónlist, frá barnatónlist dætra minna til klassískrar tónlistar. Mér finnst til



10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

FINNST PARMESAN-OSTUR SÁ ALLRA VERSTI

dæmis mörg kórverk frábær og í sérstöku uppáhaldi er Brennið þið vitar, sungið af öflugum karlakór.“

6. Garðverkin heilla ekki

„Ég er svo lánsöm að búa í húsi með frábærum garði. Gallinn er hins vegar sá að garðurinn þarfnast umhirðu og ég hef ekki enþá fundið gleðina í garðverkunum.“

7. Slappa best af í borgum

„Mér finnst borgarlíf frábært og slappa reyndar aldrei betur af en á rölti í fallegri borg. Reykjavík er auðvitað lang-langbest, en aðrar

frábærar borgir eru Kaupmannahöfn, Barcelona og New York.“



8. Gaman að lesa ljóð

„Knappur og einfaldur stíll ljóða heillar mig. Þessa dagana les ég þó helst ljóð með dætrum mínum, þar sem Þórarinn Eldjárn er í algjöru uppáhaldi.“

9. Ekki hrifin af ostum

„Borða flestan mat, en hef

aldrei verið mjög hrifin af ostum. Finnst parmesan sá allra verst og skil ekkert í öllum þeim sem strá honum í miklu magni yfir alla ljúffengu ítölsku réttina.“



10. Vorkvöld í Reykjavík

„Veit fátt fegurra en vorkvöld í Reykjavík og hlakka mikið til að njóta þeirra enn betur í borginni okkar á komandi árum.“

Góðar vörur, góð þjónusta, sanngjarnnt verð



...og þú
gengur að
gæðunum
vísun!



Reynir
Bakari

Reynir
Bakari

Reynir
Bakari

Dalvegi 4 • Sími 564 4700


Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00, laug. 06:00 - 17:00, sunn. 07:00-17:00

Opið: Mánud-laugard. 08:00 - 18:00, laug. 08:00-16:00, sunn. 09:00-16:00

SKEMMTUFGASTA I HEIÐVIT SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN
SPURÐU VIN ÞINN




1. Hvað heitir lagið hans Snorra úr Idolinu?
2. Hver er framkvæmdastjóri Hreyfingar?
3. Hver er höfuðborg Sviss?
4. Hvaða ár fæddist Halldór Laxness?
5. Hver voru lokaorð Snorra Sturlusonar?
6. Hver skrifaði skáldsöguna um Robinson Krúsó?
7. Hvers lenskur var listamaðurinn Salvador Dalí?
8. Úr hverju dó Bob Marley?
9. Samtök hverra eru Forma-samtökin?
10. Hver er tekjuhæsta ofurfyrirsæta heims?
11. Hvaða leikkona leikur aðalhlutverkið í söngleiknum Footloose?
12. Á hvaða tíðni er útvarpsstöðin Flass fm?
13. Hvaða tónlistarmaður hélt tónleika í Laugardalshöllinni 3. maí síðastliðinn?
14. Hvað heitir nýja lagið með Nylon-stelpunum?
15. Hvað heitir stelpa sem keppti í Hawaii Tropic-keppninni fyrir Ísland?
16. Hvaðan er hljómsveitin Oxford?
17. Hvað heitir hljómsveitin sem Nana úr Idolinu var að stofna?
18. Hver leikur Kalla á þakinu?
19. Hvað heitir eiginkona Hermanns Hreiðarssonar knattspyrnumanns?
20. Hver lék lukkudýrið á HM 95 í handbolta sem haldið var hér á landi?



Meðalskorið í þessari keppni er 14

11. Halla Vilhjálmsdóttir
12. Agustía Johnson
3. Bern
4. 1902
5. "Eigi skal höggva"
6. Daniel Defoe
7. Spænskur
8. Húðkrabbameini
9. Samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi
10. Gisele Bündchen
11. Halla Vilhjálmsdóttir
12. 104,5
13. Iggy Pop
14. Losing a Friend
15. Rakei Yr Björnsdóttir
16. Selfossi
17. The Nanas
18. Sveppi (Sverrir Þór Sverriss)
19. Ragna Loa Stefánsdóttir
20. Gunnar Helgason






Það mun aldrei koma
stormur aftur, það er
bara einn stormur...
SIGGI STORMUR!

BÚAST MÁ VIÐ GÓÐU VEDRI Í SUMAR

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.31

	1	2	3		4	5	6				
	7			8		9		10			
	11			12	13						
	14	15			16					17	18
19				20	21			22	23		
24			25		26		27	28		29	
	30			31		32			33		
34			35			36		37		38	
		39					40		41		42
43	44					45		46		47	
48				49	50				51		52
			53				54		55		56
						57				58	
	59								60		

LÁRÉTT

- 1 SÍÐAN (3)
- 4 SUSS (3)
- 7 FLÉTTA (4)
- 9 FRESTUR (3)
- 11 RYKKORN (2)
- 12 STOPPA (5)
- 14 BRÚNIR (4)
- 16 ÞRÍFUR (5)
- 17 GOLF ÁHALD (2)
- 19 FISKUR (3)
- 20 SJÚKDÓMUR (4)
- 22 FLASKA (4)
- 24 GUNGA (4)

- 26 RÁÐA VIÐ (5)
- 29 KÆLA (3)
- 30 ÞEKKJA (5)
- 32 TIL SAUMA (3)
- 33 FÚADÝ (3)
- 34 Í RÖÐ (2)
- 35 AFHENDA (4)
- 37 SLENGJAST (5)
- 39 ILLGRESIÐ (6)
- 41 FISKUR (5)
- 43 REFUR (4)
- 45 FIÐUR (3)
- 47 VAFI (2)
- 48 EINKAR (3)

LÓÐRÉTT

- 1 ANS (4)
- 2 ÞURFA (5)
- 3 ÓGRYNNI (2)
- 5 EINING (4)
- 49 NES (5)
- 51 REKALD (4)
- 53 FORSÖGN (3)
- 54 ANDVARI (4)
- 56 DRYKKUR (2)
- 58 FRÍÐILL (3)
- 59 SNÁFA (6)
- 60 LIPURÐ (4)

- 6 ÆVINTÝRI (4)
- 8 SJÚKDÓM (5)
- 10 ÞUNGI (4)
- 13 FYRIRBOÐI (5)
- 15 ÓSKIPTU (4)
- 18 LAND (4)
- 19 TÍMABIL (2)
- 21 TÁKN (5)
- 23 LÍFSKRAFTUR (7)
- 25 PIRRA (5)
- 27 LOKA (3)
- 28 SAMTALS (4)
- 31 GOGG (3)
- 34 GARÐI (4)

- 36 SÁL (4)
- 38 KAPPSEMI (5)
- 39 KRAFTUR (3)
- 40 HNETUMASSI (6)
- 42 BOTNKRAKI (6)
- 44 BELTI (2)
- 46 GABBA (5)
- 49 GAN (4)
- 50 VIND (4)
- 52 FRUMEIND (4)
- 53 EINS UM V (3)
- 55 FORFADIR (2)
- 57 Í RÖÐ (2)
- 58 Í RÖÐ (2)



HEIMURINN Á



MARGT ÓLÆRT

hér&nú

STÚLKAN

**Sandra Ósk
Kristbjarnardóttir
18 ára**



Sandra stundar nám á hönnunarsviði listnámsbrautar í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. „Ég er nú ekkert búin að ákveða hvað ég ætla að gera eftir skólann, það er bara gaman að læra þetta,“ segir Sandra sem er einnig að vinna í Smárabíói og á Hressó. „Ég er það sem kallað er glasabarn á Hressó sem er mjög gaman. Maður kynnist fullt af fólki.“ Sandra selur einnig sælgæti í Smárabíói og segir hún langflesta fá sér popp og kók. „Ég ætla nú bara að vinna eins og brjálæðingur í sumar og svo kíki ég kannski eitthvert til útlanda. Ég er lítið fyrir að skipuleggja og hugsa bara um daginn í dag,“ segir Sandra sem er á lausu.



Íslensket smjör
er hrein
náttúruafurð
og gefur betra
bragð!

Hrefna Rósa Sætran
Íslenska kokkalandsliðinu



Áfram með **SMJÖR** ið!



Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



Fæst án
lyfseðils!

Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.

Vectavir verkar einnig á blöðrur.

Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.

Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir ... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsuvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa omi fram við ofreynslu, kvef eða influensu eða í mikilli sól (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovír, famciclovír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir ræst frunsan hraðar, verkir minnka og smittími stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Fæst án
lyfseðils

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH



Fljótvirkt verkjalyf m.a. við tíðaverkjum

Inniheldur engin ávanabindandi efni



VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

